BIRTA

LÍFEYRISSJÓÐUR

ÁRSREIKNINGUR 2019

EFNISYFIRLIT ÁRSREIKNINGS

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra 2

Áritun óháðs endurskoðanda 5

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2019 7

Efnahagsreikningur 31. desember 2019 8

Sjóðstreymi árið 2019 9

Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar 10

Skýringar 11

Kennitölur 49

Yfirlit um breytingar á hreinni eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris 2019 53

Efnahagsreikningur samtryggingardeildar 31. desember 2019 54

Sjóðstreymi samtryggingardeildar árið 2019 55

Yfirlit um breytingu á hreinni eign deilda til greiðslu lífeyris árið 2019 56

Efnahagsreikningur deilda 31. desember 2019 57

Sjóðstreymi deilda árið 2019 58

Financial Statements 2019 59

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Starfsemi sjóðsins

Birta lífeyrissjóður starfar á grundvelli samþykkta og samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Einnig starfar lífeyrissjóðurinn á grundvelli samkomulags stéttarfélaga og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 með síðari breytingum. Hlutverk Birtu lífeyrissjóðs er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og með hliðsjón af lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Meðfylgjandi skýrsla stjórnar er birt samkvæmt lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Samþætt reikningsskil sjóðsins samanstanda af ársreikningi, ársskýrslu og upplýsingum á heimasíðu sjóðsins.

Fjöldi sjóðfélaga, launagreiðenda og iðgjöld

Sjóðurinn starfar í þremur aðaldeildum, samtryggingardeild, séreignardeild og tilgreindri séreignardeild. Um áramót áttu 97.630 einstaklingar réttindi í samtryggingardeild. Á árinu 2019 greiddu 18.284 einstaklingar iðgjald til samtryggingardeildar og 5.662 launagreiðendur. Virkir sjóðfélagar, þ.e. sjóðfélagar sem að jafnaði greiða iðgjöld til sjóðsins með reglubundnum hætti í mánuði hverjum, voru 15.805. Á árinu 2019 námu iðgjaldagreiðslur til samtryggingardeildar 17.829 millj. kr. Í árslok 2019 áttu 30.260 einstaklingar réttindi í séreignardeild. Virkir sjóðfélagar í séreignardeild á árinu 2019 voru 2.305. Á árinu 2019 námu iðgjaldagreiðslur til séreignardeildar, fyrir réttindaflutninga og endurgreiðslur, 848 millj. kr. sem er hækkun um 1% frá fyrra ári. Í árslok 2019 áttu 1.598 einstaklingar réttindi í tilgreindri séreignardeild. Virkir sjóðfélagar í tilgreindri séreignardeild á árinu 2019 voru 1.587. Á árinu 2019 námu iðgjaldagreiðslur til tilgreindrar séreignardeildar, fyrir réttindaflutninga og endurgreiðslur 486 millj. kr.

Fjöldi lífeyrisþega og lífeyrisgreiðslur

Á árinu nutu 14.568 lífeyrisþegar að meðaltali lífeyrisgreiðslna úr samtryggingardeild að fjárhæð 11.634 millj. kr. Lífeyrisþegum fjölgaði um 5,6% á árinu. Lífeyrisbyrði sjóðsins, þ.e. lífeyrisgreiðslur í hlutfalli af iðgjaldagreiðslum, nam 65,3% samanborið við 64,3% árið áður. Lögbundið framlag sjóðsins til starfsendurhæfingarsjóðs nam 113 millj. kr. Lífeyrisgreiðslur séreignardeildar námu 614 millj. kr. og lífeyrisgreiðslur tilgreindrar séreignar námu 16,2 millj. kr. á árinu.

Fjárfestingartekjur og rekstrarkostnaður

Hreinar fjárfestingartekjur námu 53.439 millj. kr. samanborið við 18.432 millj. kr. árið áður. Rekstrarkostnaður sjóðsins, þ.e. skrifstofu- og stjórnunarkostnaður nam 717 millj. kr. samanborið við 716 millj. kr. árið áður. Rekstrarkostnaður í hlutfalli af meðalstöðu eigna er 0,17% en var 0,19% árið 2018. Fjöldi stöðugilda á árinu var 27,0 og nam heildarfjárhæð launa 435 millj. kr., þar af voru launatengd gjöld 92,8 millj. kr.

Hrein eign til greiðslu lífeyris

Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 414.607 millj. kr. í árslok samanborið við 357.229 millj. kr. árið áður. Hrein eign séreignardeildar nam 16.462 millj. kr. samanborið við 14.706 millj. kr. árið áður. Hrein eign tilgreindrar séreignar nam 960 millj. kr. í árslok samanborið við 418 millj. kr. árið áður. Samanlagðar eignir samtryggingardeildar, séreignardeildar og tilgreindrar séreignardeildar námu því 432.029 millj. kr. í árslok 2019 en 372.353 millj. kr. í árslok 2018.

Ávöxtun

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu 2019 var 14,03% sem samsvarar 11,06% raunávöxtun samanborið við 1,73% raunávöxtun á árinu 2018. Meðalraunávöxtun samtryggingardeildar síðustu 5 ára er 4,93% og síðustu 10 ára 4,74%.

Tryggingafræðileg úttekt

Tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2019 sýnir að heildarskuldbindingar sjóðsins voru 1,81% umfram heildareignir en voru 3,86% umfram heildareignir í árslok 2018. Við úttektina er miðað við að ávöxtun eigna sjóðsins á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Nánari upplýsingar um tryggingafræðilega stöðu má sjá í sérstöku yfirliti í ársreikningi og í skýringu 16.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Atburðir eftir lok reikningsárs

Frá lokum reikningsárs fram að áritunardegi hafa ekki orðið neinir atburðir sem hafa haft verulega þýðingu á fjárhagslega stöðu sjóðsins á reikningsskiladegi. Engu að síður þá hefur Covid-19 faraldurinn haft þannig áhrif á eignamarkaði að eignir hafa tímabundið lækkað í verði frá áramótum og töluverð óvissa ríkir um endanleg áhrif faraldursins. Bæði tryggingarstaða Birtu sem og sjóðstreymi benda til þess að sjóðurinn getur staðið af sér tímabundna lækkun og er vísað til skýringar 19 því til stuðnings.

Stjórnarhættir og áhættustýring

Stjórn lífeyrissjóðsins hefur sett sér starfsreglur og er þar leitast við að fylgja gildandi "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja". Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vef Viðskiptaráðs Íslands www.vi.is. Sjóðurinn fylgir leiðbeiningunum í meginatriðum og hefur samkvæmt samþykktum skipulagt sérstakar valnefndir. Stjórnarháttayfirlýsing sjóðsins felur ekki í sér greiningu á umhverfis- og félagslegum þáttum sem gert er grein fyrir í skýringum ársreiknings og ársskýrslu. Stjórn leggur reglulega mat á árangur og kemur slíkum upplýsingum á framfæri við valnefnd. Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í sérstakri yfirlýsingu stjórnar í ársskýrslu sjóðsins.

Sjóðurinn hefur sett sér sérstaka áhættustefnu sem staðfest er af stjórn og er hún aðgengileg á vef sjóðsins. Markmið hennar er að auka öryggi í starfsemi sjóðsins. Stefnan byggir á skilgreiningu á áhættustýringu sem felst í leiðum til að greina, meta, vakta og stýra áhættu í rekstri sjóðsins. Áhætta í starfseminni er skilgreind til samræmis við skilgreiningu í reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða, sem hætta á fjárhagslegu tapi sem leiðir af atburði og fellur undir einn eða fleiri af þeim áhættuþáttum sem lífeyrissjóðurinn skilgreinir. Sjá nánar í skýringu 19 í ársreikningnum.

Upplýsingastarf

Birta lífeyrissjóður birtir tímanlega fyrir ársfund sjóðsins auglýsingu í dagblöðum þar sem gerð er grein fyrir starfsemi og ársreikningi fyrir liðið ár. Sjóðurinn sendir greiðandi sjóðfélögum hálfsárslega yfirlit yfir móttekin iðgjöld ásamt útreikningi á áunnum lífeyrisréttindum og gerir sjóðfélögum mögulegt að reikna væntanlegan lífeyrisrétt með sérstakri reiknivél á heimasíðu sjóðsins. Á ársfundi sjóðsins á liðnu ári var m.a. gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningi, fjárfestingarstefnu og tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins. Á vefsíðu Birtu lífeyrissjóðs má nálgast almennar upplýsingar um sjóðinn og starfsemi hans.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Stjórn hefur markað þá stefnu að mikilvægi samfélagslegs hlutverks sjóðsins er haft að leiðarljósi í starfsemi hans. Ítarlega er gerð grein fyrir þeim viðmiðum sem sjóðurinn hefur sett sér um ófjárhagslegar upplýsingar í skýringu 20 í ársreikningi og í ársskýrslu. Við fjárfestingarákvarðanir er gætt að því að fyrirtæki fylgi viðurkenndum viðmiðum um góða stjórnarhætti og viðskiptasiðferði.

Áhrif óvissu í ytra starfsumhverfi

Birta lífeyrissjóður er langtímafjárfestir og hugmyndafræði sjóðsins gengur út á að dreifa eignum og takmarka þannig áhættu. Markmiðið er að taka meðvitaða áhættu sem skilar sjóðnum virðisauka í samræmi við þá áhættu sem tekin er. Eðli málsins samkvæmt býr sjóðurinn við varanlega óvissu sem óhjákvæmilega felst í því að safna eignum á móti skuldbindingum. Ítarlega er gerð grein fyrir mögulegum breytingum á helstu forsendum í næmnigreiningu í skýringu 19 og í sérstakri umfjöllun um áhættustýringu í ársskýrslu.

Væntanleg þróun sjóðsins og framtíðarhorfur

Birta lífeyrissjóður mun eftir sem áður leitast við að ávaxta eignir í samræmi við fjárfestingarstefnu sjóðsins sem aðgengileg er á heimasíðu sjóðsins. Með hækkun iðgjalds hefur lífeyrisbyrði lækkað nokkuð og ráðgert er að sú þróun haldi áfram. Með afnámi gjaldeyrishafta eykst geta sjóðsins til að dreifa áhættu á erlenda markaði. Erlendar eignir sem hlutfall af heild er 31,94% sbr. skýringu 21.

SKÝRSLA STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Stjórn og framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs staðfesta hér með ársreikning sjóðsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. mars 2020.

Í stjórn Birtu lífeyrissjóðs

Ingibjörg Ólafsdóttir
formaður

Jakob Tryggvason
varaformaður

Davið Hafsteinsson

Guðrún Elfa Hjörleifsdóttir

Guðrún Jónsdóttir

Hilmar Harðarson

Hrönn Jónsdóttir

Pálmar Óli Magnússon

Ólafur Sigurðsson
framkvæmdastjóri

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og sjóðfélaga Birtu lífeyrissjóðs

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Birtu lífeyrissjóðs fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, skýringar og kennitölur.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2019, efnahag hans 31. desember 2019, breytingu á handbæru fé á árinu 2019 og tryggingafræðilegri stöðu 31. desember 2019 í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð lífeyrissjóðnum samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi lífeyrissjóðsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábending

Án þess að setja fyrirvara við álit okkar viljum við vísa í skýrslu stjórnar í umfjöllun hennar um atburð eftir lok reikningsárs en þar fjalla stjórnendur um áhrif Covid-19 faraldurins á stöðu sjóðsins.

Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum ársreikningi og áritun okkar á hann. Ársskýrsla liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikningnum en við búumst við að fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum lífeyrissjóðsins að meta hæfi hans til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning lífeyrissjóðsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa lífeyrissjóðinn upp eða hætta rekstri hans, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi lífeyrissjóðsins. Stjórnendum lífeyrissjóðsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hans til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits lífeyrissjóðsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu áliti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að lífeyrissjóðurinn verði ekki lengur rekstrarhæfur.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Reykjavík, 19. mars 2020.

PricewaterhouseCoopers ehf.

Kristinn Kristinsson
löggiltur endurskoðandi

YFIRLIT UM BREYTINGU Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS ÁRIÐ 2019

Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar, séreignardeildar og tilgreindrar séreignardeildar

	Skýr.	2019	2018
IÐGJÖLD			
Iðgjöld sjóðfélaga		5.229.316	5.020.843
Iðgjöld launagreiðenda		13.952.544	12.514.841
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(28.269)	(23.089)
		19.153.591	17.512.595
Sérstök aukaframlög	3	182.222	167.357
		19.335.813	17.679.951
LÍFEYRIR	4		
Heildarfjárhæð lífeyris		12.264.019	11.051.025
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs		113.425	112.310
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		6.486	4.211
Eftirlaun frá Tryggingarstofnun		(1.922)	(2.081)
		12.382.008	11.165.466
HREINAR FJÁRFESTINGARTEKJUR	5		
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	5.1	38.052.668	3.654.616
Hreinar tekjur af skuldabréfum	5.3	15.222.330	14.471.370
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum		193.528	225.995
Vaxtatekjur og gengismunur af handbæru fé		102.800	193.438
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum		136.327	120.723
Ýmsar fjárfestingartekjur	6	6.204	25.225
Fjárfestingargjöld	7	(274.733)	(259.318)
		53.439.124	18.432.048
REKSTRARKOSTNAÐUR	8		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		716.983	716.169
Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris		59.675.946	24.230.364
Hrein eign frá fyrra ári		372.352.851	348.122.488
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		432.028.797	372.352.851

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2019

Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar, séreignardeildar og tilgreindrar séreignardeildar

	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
EIGNIR			
FJÁRFESTINGAR			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	9	189.674.972	145.512.643
Skuldabréf	10	227.145.906	215.746.947
Bundnar bankainnstæður		4.493.781	4.250.812
Aðrar fjárfestingar	11	13.640	13.140
		421.328.299	365.523.542
KRÖFUR	12		
Kröfur á launagreiðendur		2.905.961	2.295.716
Aðrar kröfur		24.156	60.121
		2.930.117	2.355.838
ÝMSAR EIGNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir	13	32.577	30.532
Handbært fé		8.283.657	4.910.980
Eignir samtals		432.574.649	372.820.891
SKULDIR			
Áfallinn kostnaður og fyrirframinnheimtar tekjur	14	102.283	98.092
Aðrar skuldir	15	443.570	369.948
		545.853	468.040
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok		432.028.797	372.352.851
Hrein eign til greiðslu lífeyris greinist þannig			
Samtryggingardeild		414.606.722	357.229.217
Séreignardeild		16.462.297	14.705.911
Tilgreind séreignardeild		959.778	417.723
		432.028.797	372.352.851
Skuldbindingar utan efnahags	17		

SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2019

Sameiginlegt yfirlit samtryggingardeildar, séreignardeildar og tilgreindrar séreignardeildar

	2019	2018
INNGREIÐSLUR		
Iðgjöld	18.743.519	17.473.715
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum	397.435	376.402
Aðrar inngreiðslur	88.971	469.911
	19.229.926	18.320.027
ÚTGREIÐSLUR		
Lífeyrir	12.376.397	11.163.784
Rekstrarkostnaður	700.353	697.741
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	11.888	2.478
	13.088.638	11.864.003
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga	6.141.288	6.456.025
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR		
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum	1.805.483	2.723.349
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum	(37.986.454)	(23.847.808)
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum	29.843.579	17.138.398
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa	25.937.926	22.498.141
Keypt skuldabréf	(33.722.948)	(38.658.978)
Seld skuldabréf	11.591.278	11.987.562
Ný bundin innlán	(252.836)	(287.989)
Endurgreidd bundin innlán	9.849	45.129
Seldar aðrar fjárfestingar	0	182.425
	(2.774.121)	(8.219.772)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	3.367.166	(1.763.747)
Gengismunur af handbæru fé	5.510	130.588
Handbært fé í upphafi árs	4.910.980	6.544.139
Handbært fé í árslok	8.283.657	4.910.980

YFIRLIT UM TRYGGINGAFRÆÐILEGA STÖÐU SAMTRYGGINGARDEILDAR

EIGNIR	Skýr.	Áfallin skuldbinding	31.12.2019 Framtíðar-skuldbinding	Heildar-skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris		414.606.722	0	414.606.722
Mismunur á bókf. verði og núvirði skuldabréfa		(7.665.363)	0	(7.665.363)
Mismunur á bókf. verði og matsverði skráðra hlutabr.		(5.669.780)	0	(5.669.780)
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar		(7.984.362)	(9.044.288)	(17.028.649)
Núvirði framtíðariðgjalda		0	235.638.534	235.638.534
		393.287.217	226.594.246	619.881.464
SKULDBINDINGAR				
Ellilífeyrir		356.758.920	194.955.278	551.714.198
Örorkulífeyrir		23.060.228	17.309.029	40.369.257
Makalífeyrir		26.488.660	9.694.972	36.183.632
Barnalífeyrir		192.429	1.474.982	1.667.412
Fjölskyldulífeyrir		0	1.390.474	1.390.474
		406.500.238	224.824.736	631.324.973
Eignir umfram skuldbindingar	16	(13.213.020)	1.769.511	(11.443.509)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun		(7,07%)	1,78%	(3,86%)
Í hlutfalli af skuldbindingum í lok árs		(3,25%)	0,79%	(1,81%)

EIGNIR	Áfallin skuldbinding	31.12.2018 Framtíðar-skuldbinding	Heildar-skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris	357.229.217	0	357.229.217
Mismunur á bókf. verði og núvirði skuldabréfa	(482.946)	0	(482.946)
Mismunur á bókf. verði og matsverði skráðra hlutabr.	(1.195.674)	0	(1.195.674)
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar	(7.783.266)	(9.076.915)	(16.860.181)
Núvirði framtíðariðgjalda	0	225.502.921	225.502.921
	347.767.330	216.426.006	564.193.336
SKULDBINDINGAR			
Ellilífeyrir	326.962.658	183.491.781	510.454.439
Örorkulífeyrir	21.877.622	16.120.313	37.997.935
Makalífeyrir	25.172.912	9.947.991	35.120.903
Barnalífeyrir	194.342	1.341.175	1.535.517
Fjölskyldulífeyrir	0	1.732.483	1.732.483
	374.207.535	212.633.743	586.841.278
Eignir umfram skuldbindingar	(26.440.204)	3.792.263	(22.647.942)
Í hlutfalli af skuldbindingum í ársbyrjun	(5,95%)	1,36%	(3,44%)
Í hlutfalli af skuldbindingum í lok árs	(7,07%)	1,78%	(3,86%)

SKÝRINGAR

1. ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum samþykkta sjóðsins.

Lífeyrissjóðurinn starfar samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Einnig starfar lífeyrissjóðurinn á grundvelli samkomulags stéttarfélaga og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir sambærileg lágmarksréttindi og þar greinir miðað við jafnar greiðslur iðgjalda í 40 ár. Lífeyrissjóðurinn skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að sinna hlutverki sínu og er ekki heimilt að inna af hendi framlög í öðrum tilgangi.

Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir, samtryggingardeild, séreignardeild og tilgreinda séreignardeild. Tilgreind séreignardeild byggist á kjarasamningum ASÍ og SA og var samþykktum sjóðsins breytt á aukaársfundi sjóðsins þann 22. júní 2017 til að heimila móttöku iðgjalds í tilgreinda séreignardeild. Heimilt var að ráðstafa hluta eða öllu iðgjaldi umfram 12% skylduframlag í tilgreinda séreign frá og með 1. júlí 2017. Tilgreind séreignardeild hefur eigin fjárfestingastefnu sem grundvallast á heimildum samtryggingardeildar til fjárfestinga.

Birta lífeyrissjóður er með aðsetur að Sundagörðum 2, 104 Reykjavík.

2. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum.

2.2 Starfsrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningurinn er settur fram í þúsundum íslenskra króna, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill lífeyrissjóðsins.

2.3 Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu. Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Stjórnendur hafa gefið sér forsendur um og lagt reikningshaldslegt mat á eftirfarandi liði sem hafa veruleg áhrif á ársreikning lífeyrissjóðsins:

i) Gangvirði óskráðra eignarhluta í félögum og sjóðum, sjá skýringu 9.

ii) Tryggingafræðilega stöðu, sjá skýringu 16.

2.4 Iðgjöld

Iðgjöld eru færð til bókar þegar skilagreinar hafa borist sjóðnum, óháð því hvort þau eru greidd eða ekki. Ógreidd iðgjöld í árslok eru færð til eignar sem krafa á launagreiðendur. Áætlað er fyrir ógreiddum iðgjöldum samtryggingardeildar í árslok m.v. fyrri reynslu og eru þau eignfærð sem kröfur á launagreiðendur í efnahagsreikningi. Sérstök aukaframlög er hlutdeild launagreiðenda samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði er einnig fært undir liðinn sérstök aukaframlög. Iðgjöld í séreignarsjóð eru færð til bókar þegar þau hafa verið greidd til sjóðsins. Óinnheimt iðgjöld eru færð til eignar með áföllnum vöxtum.

2. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR, FRH.

2.5 Hreinar fjárfestingartekjur

Undir þennan lið eru færðar allar fjárfestingartekjur sjóðsins að frádregnum öllum fjárfestingargjöldum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður í rekstur sem og áfallinn gengismunur á eignir í árslok.

a) Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga annarra en gjalda sem skýrt er frá í skýringu 7 um fjárfestingargjöld.

Undir þennan lið falla arðgreiðslur, söluhagnaður og sölutap sem og breytingar á gangvirði. Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir. Í skýringu 5.2 má sjá breytingar á gangvirði 20 stærstu fjárfestinga sjóðsins í félögum og sjóðum.

b) Hreinar tekjur af skuldabréfum

Þessi liður samanstendur af tekjum af fjárfestingum sjóðsins í skuldabréfum, að frádregnum gjöldum vegna slíkra fjárfestinga annarra en gjalda sem skýrt er frá í skýringu 7 um fjárfestingargjöld.

Hér eru færðar vaxtatekjur, verðbætur og lántökuþóknanir af skuldabréfum, hagnaður og tap af sölu skuldabréfa, breytingar á gangvirði til hækkunar og lækkunar og hliðstæðar tekjur og gjöld. Hér undir er einnig færð varúðarniðurfærsla skuldabréfa vegna tapshættu sem er fyrir hendi á reikningsskiladegi.

c) Aðrar fjárfestingartekjur

Undir liðinn aðrar fjárfestingartekjur falla m.a. tekjur af fullnustueignum sjóðsins.

d) Fjárfestingargjöld

Undir þennan lið eru færð fjárfestingargjöld og þóknanir til fjármálafyrirtækja vegna umsýslu og vörslugjalda. Í skýringu 7 er greint frá áætlaðri umsýsluþóknun vegna fjárfestinga sjóðsins í innlendum og erlendum verðbréfa- og framtakssjóðum.

2.6 Rekstrarkostnaður

Allur skrifstofu- og stjórnunarkostnaður lífeyrissjóðsins fellur undir rekstrarkostnað, þ.m.t. launakostnaður starfsmanna sjóðsins. Kostnaðurinn er færður til gjalda þegar hann fellur til. Frá rekstrarkostnaði dregst þóknun til sjóðsins vegna innheimtu gjalda fyrir stéttarfélög.

2.7 Fjárfestingar

Fjárfestingar eru fjármálagerningar samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfaviðskipti nr. 108/2007. Fjárfestingar sjóðsins samanstanda af eignarhlutum í félögum og sjóðum, skuldabréfum, bundnum bankainnstæðum og öðrum fjárfestingum.

Við kaup er flokkun fjárfestinganna ákveðin og við hver reikningsskil er metin þörf á hvort að endurmeta beri flokkun sjóðsins á fjárfestingum sínum.

a) Matsaðferðir fjárfestinga

Fjármálagerningar, aðrir en útlán til sjóðfélaga og skuldabréf sem haldin eru til gjalddaga, eru metnir á gangvirði í samræmi við settar reikningsskilareglur. Útlán til sjóðfélaga og skuldabréfaeign, sem ákveðið hefur verið að halda til gjalddaga, eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og aðferð virkra vaxta.

Gangvirði fjármálagerninga sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði er markaðsverð í árslok en gangvirði annarra fjárfestinga (óskráðra) í þessum flokki byggist á verðmatsaðferðum sem lýst er í skýringu 18. Í þeirri skýringu eru jafnframt upplýsingar um þrepaskiptingu gangvirðis samkvæmt verðmatsaðferðum.

b) Eignarhlutir í félögum og sjóðum

Eignarhlutir í félögum og sjóðum eru hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þessi flokkur fjárfestinga er færður á gangvirði.

SKÝRINGAR

2. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR, FRH.

c) Skuldabréf

Undir skuldabréf eru færð öll skuldabréf, bæði verðbréf sem eru á afskrifuðu kostnaðarverði og gangvirði. Undir þennan flokk falla jafnframt útlán. Skuldabréf og útlán eru færð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðbætur miðast við viðeigandi vísitölu næsta mánaðar eftir lok reikningsárs. Í skýringu 18 er gerð nánari grein fyrir skiptingu skuldabréfa eftir reikningshaldslegri meðhöndlun.

d) Niðurfærsla skuldabréfa og útlána

Við mat á útlánum og skuldabréfum sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði er tekið tillit til þeirrar tapsáhættu sem kann að vera fyrir hendi á reikningsskiladegi í samræmi við settar reikningsskilareglur. Varúðarframlög vegna tapsáhættunnar eru færð á niðurfærslureikning sem dreginn er frá stöðu skuldabréfa og útlána til sjóðfélaga í árslok.

e) Bundnar bankainnstæður

Undir bundnar bankainnstæður eru færð innlán í bönkum sem bundin eru til lengri tíma en þriggja mánaða en sjóðurinn horfir á þessar bankainnstæður sem fjárfestingu en ekki sem handbært fé.

f) Aðrar fjárfestingar

Undir aðrar fjárfestingar eru færðar allar fjárfestingar sem ekki falla undir liði sem taldir eru upp hér að ofan. Í skýringu 11 er gerð nánari grein fyrir þessum lið.

2.8 Kröfur

Kröfur eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Á hverjum reikningsskiladegi eru kröfur metnar með hliðsjón af tapsáhættu og færðar í afskriftarreikning samkvæmt niðurstöðu slíks mats. Afskriftin er dregin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi og gjaldfærð undir önnur gjöld í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

2.9 Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði og greinast þannig: Aðrar eignir eru afskrifaðar um 10-33%.

2.10 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess er fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum í erlendum gjaldmiðlum og íslenskum krónum.

3. SÉRSTÖK AUKAFRAMLÖG

	2019	2018
Aukafjárframlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði	182.222	167.357

SKÝRINGAR

4. LÍFEYRIR

Greiddur lífeyrir greinist þannig:	2019	2018
Ellilífeyrir	9.288.511	8.260.952
Örorkulífeyrir	1.436.518	1.351.880
Makalífeyrir	842.955	812.628
Barnalífeyrir	66.188	66.638
Samtals úr samtryggingardeild	11.634.172	10.492.098
Lífeyrir úr séreignardeild greinist þannig:		
Lífeyrir	390.089	339.913
Ráðstöfun iðgjalda í séreign samkvæmt lögum nr. 40/2014	223.606	216.668
Samtals úr séreignardeild	613.694	556.581
Lífeyrir úr tilgreindri séreignardeild greinist þannig:		
Lífeyrir	16.153	2.347
Heildarfjárhæð lífeyris	12.264.019	11.051.025
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris:		
Kostnaður vegna örorkumats	6.443	4.211
Annar beinn kostnaður	43	0
	6.486	4.211

5. HREINAR FJÁRFESTINGARTEKJUR

5.1 Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum sundurliðast þannig:

	Hreinar tekjur í viðk. mynt	Áhrif gjaldmiðils	Samtals 2019	Samtals 2018
Innlend hlutabréf og sjóðir	10.554.107	71	10.554.178	102.528
Erlend hlutabréf	154.272	5.454.350	5.608.622	1.194.536
Innlend hlutdeildarskírteini	(433.371)	0	(433.371)	293.879
Erlend hlutdeildarskírteini	332.973	21.990.267	22.323.240	2.063.674
	10.607.981	27.444.688	38.052.668	3.654.616

5. HREINAR FJÁRFESTINGARTEKJUR, FRH.

5.2 Hreinar tekjur af 20 stærstu eignarhlutum í félögum og sjóðum sundurliðast þannig:

	Bókfært verð 31.12.2019	Hreinar tekjur* samtals 2019	Hreyfingar**	Bókfært verð 31.12.2018	Hreinar tekjur* samtals 2018
Vanguard Global Stock Index	22.582.532	5.312.405	2.183.022	15.087.105	146.618
Marel hf.	13.323.749	6.332.143	(3.231.214)	10.222.820	1.606.554
Vanguard Emerging Market	10.821.251	1.802.505	2.116.613	6.902.134	(292.374)
Vanguard European Stock	10.103.583	2.259.571	272.791	7.571.221	(346.148)
Vanguard US 500 Stock	6.108.402	1.615.783	0	4.492.619	244.583
Össur hf.	5.412.089	2.463.928	(653.618)	3.601.779	850.330
Janus Henderson GI Equity Fund	4.190.380	263.792	3.926.588	0	0
Schroder QEP Global Quality	4.159.333	956.437	22.637	3.180.259	41.313
Jupiter Global	4.014.267	987.329	182.841	2.844.096	(62.023)
SSgA Global Enhanced Equity	3.498.778	810.849	0	2.687.929	29.234
Hagar hf.	3.461.546	(75.957)	497.296	3.040.207	812.596
Nordea Nordic Equity Fund	3.165.872	648.322	0	2.517.550	(78.487)
Jarðvarmi slhf.	3.048.597	176.534	1.045.591	1.826.472	409.122
Eyrir Invest hf.	2.928.516	1.469.471	(46.031)	1.505.076	231.829
Icelandair Group hf.	2.880.792	(743.814)	88.071	3.536.535	(1.738.031)
Skagen Global	2.685.048	700.310	0	1.984.738	51.381
Wellington Global Quality Growth	2.511.118	672.202	236.920	1.601.997	141.744
Katla Fund Global Value	2.442.778	596.483	(12.188)	1.858.483	(97.365)
Festi hf. (áður N1 hf.)	2.322.738	252.984	115.539	1.954.215	24.462
Brim hf. (áður Grandi hf.)	2.223.979	433.530	(630.269)	2.420.718	(3.492)
Aðrir	77.789.622	11.117.860		66.676.691	1.682.769
	189.674.972	38.052.668	6.114.589	145.512.643	3.654.616

* Hreinar tekjur samanstanda af innleystum og óinnleystum gangvirðisbreytingum, gjaldeyrisbreytingum og arðgreiðslum.

** Hreyfingar samanstanda af kaupum, sölu og mótteknum arðgreiðslum.

SKÝRINGAR

5. HREINAR FJÁRFESTINGARTEKJUR, FRH.

5.3 Hreinar tekjur af skuldabréfum sundurliðast þannig:

Skuldabréf flokkuð sem haldið til gjalddaga	Vaxtatekjur og verðbætur	Áhrif gjaldmiðils	Breyting á niðurfærslu	Samtals 2019	Samtals 2018
Ríkisskuldabréf	859.696	0	0	859.696	897.393
Íbúðalánasjóður	2.518.640	0	0	2.518.640	2.762.821
Önnur skuldabréf					
með ábyrgð ríkisins	192.138	67.836	0	259.974	370.641
Skuldabréf sveitarfélaga	738.150	0	0	738.150	728.841
Skuldabréf lánastofnana	236.577	0	0	236.577	229.727
Skuldabréf eignaleiga	92.525	0	0	92.525	75.979
Skuldabréf fyrirtækja	1.678.018	99.224	(85)	1.777.157	2.092.685
Sjóðfélagalán	1.781.594	0	(10.404)	1.771.190	1.749.338
Önnur veðlán	2.224.582	0	13.228	2.237.810	2.576.437
	10.321.920	167.060	2.739	10.491.719	11.483.862

Skuldabréf flokkuð á gangvirði	Gangvirðis-breyting	Áhrif gjaldmiðils	Breyting á niðurfærslu	Samtals 2019	Samtals 2018
Ríkisskuldabréf	2.174.061	0	0	2.174.061	567.083
Íbúðalánasjóður	1.245.247	0	0	1.245.247	1.455.863
Skuldabréf sveitarfélaga	494.756	0	0	494.756	371.145
Skuldabréf lánastofnana	611.079	0	0	611.079	507.924
Skuldabréf eignaleiga	0	0	0	0	2.847
Skuldabréf fyrirtækja	107.994	6.267	0	114.261	82.646
Önnur veðlán	91.207	0	0	91.207	0
	4.724.344	6.267	0	4.730.611	2.987.508
Samtals tekjur af skuldabr.	15.046.264	173.327	2.739	15.222.330	14.471.370

6. ÝMSAR FJÁRFESTINGARTEKJUR

	2019	2018
Tekjur vegna fullnustueigna	6.204	25.225

SKÝRINGAR

7. FJÁRFESTINGARGJÖLD

Fjárfestingargjöld 2019	Bein fjárfestingar-gjöld	Áætluð og reiknuð fjárfestingar-gjöld	Fjárfestingar-gjöld samtals	Heildareign í sjóðum að meðaltali á árinu	Hlutfall fjárfestingar-gjalda alls af meðaleign
Vegna innlendra verðbréfasjóða	0	5.446	5.446	583.362	0,93%
Vegna innlendra fjárfestingarsjóða	0	2.935	2.935	364.916	0,80%
Vegna innlendra fagfjárfestasjóða	0	199.005	199.005	6.940.322	2,87%
Vegna erlendra verðbréfasjóða	0	513.510	513.510	93.792.010	0,55%
Vegna erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0	303.685	303.685	14.190.780	2,14%
Kaup- og söluþóknanir vegna verðbréfaviðskipta	63.350	0	63.350	-	-
Vörsluþóknanir	35.303	0	35.303	-	-
Umsýsluþóknun vegna útvistunar eignastýringar	175.737	0	175.737	40.686.277	0,43%
Önnur fjárfestingargjöld	342	0	342	0	-
Fjárfestingargjöld samtals	274.733	1.024.581	1.299.314	156.557.667	0,83%

Sundurliðun leiða	Bein fjárfestingar-gjöld	Áætluð og reiknuð fjárfestingar-gjöld	Fjárfestingar-gjöld samtals	Heildareign í sjóðum að meðaltali á árinu	Hlutfall fjárfestingar-gjalda alls af meðaleign
Samtryggingardeild	274.627	1.003.414	1.278.041	153.442.077	0,85%
Séreignardeild - Innlánsleið	0	0	0	0	-
Séreignardeild - Skuldabréfaleið	51	1.049	1.101	45.111	2,44%
Séreignardeild - Blönduð leið	43	18.072	18.115	2.574.999	0,70%
Tilgreind séreignardeild	11	2.046	2.057	495.479	0,42%
Fjárfestingargjöld samtals	274.733	1.024.581	1.299.314	156.557.667	0,83%

7. FJÁRFESTINGARGJÖLD, FRH.

Fjárfestingargjöld 2018	Bein fjárfestingar-gjöld	Áætluð og reiknuð fjárfestingar-gjöld	Fjárfestingar-gjöld samtals	Heildareign í sjóðum að meðaltali á árinu	Hlutfall fjárfestingar-gjalda alls af meðaleign
Vegna innlendra verðbréfasjóða	0	10.052	10.052	573.110	1,75%
Vegna innlendra fjárfestingarsjóða	0	2.718	2.718	389.106	0,70%
Vegna innlendra fagfjárfestasjóða	0	186.080	186.080	6.663.386	2,79%
Vegna erlendra verðbréfasjóða	0	450.148	450.148	70.583.681	0,64%
Vegna erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	0	218.526	218.526	10.912.269	2,00%
Kaup- og söluþóknanir vegna verðbréfaviðskipta	54.247	0	54.247	-	-
Vörsluþóknanir	29.927	0	29.927	-	-
Umsýsluþóknun vegna útvistunar eignastýringar	172.517	0	172.517	34.233.979	0,50%
Önnur fjárfestingargjöld	2.627	0	2.627	-	-
Fjárfestingargjöld samtals	259.318	867.524	1.126.842	123.355.530	0,91%

Sundurliðun leiða	Bein fjárfestingar-gjöld	Áætluð og reiknuð fjárfestingar-gjöld	Fjárfestingar-gjöld samtals	Heildareign í sjóðum að meðaltali á árinu	Hlutfall fjárfestingar-gjalda alls af meðaleign
Samtryggingardeild	258.755	846.084	1.104.840	121.041.096	0,91%
Séreignardeild - Innlánsleið	0	0	0	0	-
Séreignardeild - Skuldabréfaleið	484	0	484	0	-
Séreignardeild - Blönduð leið	79	21.010	21.089	2.188.049	0,96%
Tilgreind séreignardeild	0	429	429	126.386	0,34%
Fjárfestingargjöld samtals	259.318	867.524	1.126.842	123.355.530	0,91%

SKÝRINGAR

8. SKRIFSTOFU- OG STJÓRNUNARKOSTNAÐUR

	2019	2018
Laun og launatengd gjöld	435.447	437.289
Endurskoðun	8.101	6.485
Innri endurskoðun	5.288	4.649
Tryggingarstærðfræðingur	3.615	3.365
Lögfræðikostnaður	5.360	3.124
Almannatengsl og markaðsmál	4.112	5.322
Greiningar	5.974	2.637
Aðkeypt tölvuþjónusta	5.620	13.550
Rekstur upplýsingakerfa	145.546	137.087
Rekstur húsnæðis	41.030	43.304
Eftirlitsgjöld FME	23.916	23.087
Umboðsmaður skuldara	4.656	3.960
Landssamtök lífeyrissjóða	10.362	10.742
Afskriftir	9.843	7.719
Annar skrifstofukostnaður	93.326	95.873
Endurgreiðslur vegna innheimtu fyrir stéttarfélög	(85.215)	(82.024)
	716.983	716.169

Stöðugildi hjá sjóðnum voru að meðaltali 27,0 á árinu samanborið við 28,4 á árinu 2018.

8. SKRIFSTOFU- OG STJÓRNUNARKOSTNAÐUR, FRH.

Heildarlaun, hlunnindi og þóknanir til stjórnar, endurskoðunarnefndar og lykilstjórnenda sundurliðast þannig:

	2019	2018
Stjórn		
Ingibjörg Ólafsdóttir, formaður	2.341	1.590
Jakob Tryggvason, varaformaður	2.057	1.994
Davíð Hafsteinsson	1.257	1.186
Guðrún Elfa Hjörleifsdóttir	1.257	892
Guðrún Jónsdóttir	1.257	1.186
Hrönn Jónsdóttir	1.257	892
Pálmar Óli Magnússon	1.257	808
Hilmar Harðarson	954	0
Gylfi Ingvarsson, fyrrv.	409	1.186
Jón Bjarni Gunnarsson, fyrrv. formaður	0	945
Þorbjörn Guðmundsson, fyrrv. varaformaður	0	709
Unnur María Rafnsdóttir, fyrrv.	0	473
Viðar Örn Traustason, fyrrv.	0	473
Drífa Sigurðardóttir, fyrrv.	0	473
Varamenn	1.882	1.848
	13.928	14.653
Endurskoðunarnefnd		
Rósa Steingrímsdóttir, formaður endurskoðunarnefndar	1.160	780
Sigríður Ármannsdóttir	580	300
Davíð Halldórsson, stjórnarmaður	580	240
María Sólbergsdóttir, fyrrv. formaður endurskoðunarnefndar	0	360
Viðar Örn Traustason, fyrrv. stjórnarmaður	0	60
	2.320	1.740

8. SKRIFSTOFU- OG STJÓRNUNARKOSTNAÐUR, FRH.

Stjórnendur	2019	2018
Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri	26.178	24.247
Lögfræðingur og staðgengill framkvæmdastjóra	22.436	20.868
Áhættustjóri	21.017	19.182
Forstöðumaður eignastýringarsviðs	21.814	19.866
Fyrrv. forstöðumaður fjárreiðusviðs	0	13.019
	91.445	97.183

Inni í launum stjórnenda eru hvers konar starfstengd hlunnindi, svo sem bifreiðahlunnindi og aukið mótframlag í séreignarsjóð. Laun fyrir störf sem viðkomandi stjórnandi gegnir í krafti eignaraðildar lífeyrissjóðsins sem og fyrir setu í nefndum og stjórnum sem viðkomandi er tilnefndur í af hálfu lífeyrissjóðsins eru ekki inni í framangreindum fjárhæðum en þau eru:

Framkvæmdastjóri 1.334.000 kr. Forstöðumaður eignastýringarsviðs 2.797.839 kr.

Þóknun til ytri endurskoðanda sjóðsins sundurliðast þannig:	2019	2018
Endurskoðun, könnun og önnur staðfestingarvinna	8.101	6.485
	8.101	6.485

Þóknun til innri endurskoðanda sjóðsins sundurliðast þannig:		
Innri endurskoðun	5.288	4.649
	5.288	4.649

Þóknun til tryggingastærðfræðings sjóðsins sundurliðast þannig:		
Útreikningur á tryggingafræðilegri stöðu	3.190	2.766
Önnur þjónusta	425	599
	3.615	3.365

9. EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM OG SJÓÐUM

	2019	2018
Innlend hlutabréf		
Skráð bréf	44.579.916	35.824.217
Óskráð bréf og framtakssjóðir	14.150.579	9.694.540
	58.730.495	45.518.756
Erlend hlutabréf		
Skráð bréf	18.870.979	12.589.453
	18.870.979	12.589.453
Innlend hlutdeildarskírteini		
Hlutabréfasjóðir	1.115.730	724.340
Framtakssjóðir	112.745	110.784
Fasteignasjóðir	557.072	930.808
Skuldabréfasjóðir	987.003	889.572
	2.772.551	2.655.504
Erlend hlutdeildarskírteini		
Erlendir hlutabréfasjóðir	91.084.065	69.009.065
Framtakssjóðir	13.305.469	10.847.635
Fasteignasjóðir	500.582	55.321
Millilagslánasjóðir	521.596	596.549
Skuldabréfasjóðir	3.889.235	4.240.362
	109.300.947	84.748.931
Eignarhlutir í félögum og sjóðum samtals	189.674.972	145.512.643

SKÝRINGAR

9. EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM OG SJÓÐUM, FRH.

Skráð innlend hlutabréf	Eignarhluti	Kostn.verð*	Ávöxtun**	2019	2018
Marel hf.	2,8%	2.903.032	15,2%	13.323.749	10.222.820
Hagar hf.	6,5%	2.971.539	7,9%	3.461.546	3.040.207
Icelandair Group hf.	7,0%	4.934.834	0,0%	2.880.792	3.536.535
Festi hf. (áður N1 hf.)	5,4%	548.289	6,8%	2.322.738	1.954.215
Brim hf. (áður Grandi hf.)	2,9%	1.794.455	10,4%	2.223.979	2.420.718
Eimskip hf.	6,0%	2.467.461	(1,8%)	2.137.222	1.924.709
Arion banki hf.	1,3%	1.785.696	26,3%	2.060.545	335.580
Síminn hf.	3,9%	1.124.361	16,6%	1.925.500	1.331.534
Reginn hf.	4,7%	1.445.134	9,8%	1.920.421	1.731.805
Tryggingamiðstöðin hf.	6,6%	1.081.735	27,1%	1.811.083	1.381.542
Eik fasteignafélag hf.	5,0%	1.236.388	14,4%	1.429.137	1.549.698
Origo hf. (áður Nýherji hf.)	10,6%	541.339	12,3%	1.286.998	1.165.116
Heimavellir hf.	10,0%	1.385.854	(6,7%)	1.267.301	714.655
Reitir fasteignafélag hf.	2,3%	1.209.172	(0,2%)	1.179.144	707.516
Skeljungur hf.	5,5%	787.205	11,3%	977.801	742.121
Iceland Seafood International hf.	3,7%	843.916	14,7%	943.408	150.293
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	3,3%	565.840	19,9%	856.976	680.140
Vátryggingafélag Íslands hf.	3,9%	769.896	8,8%	835.293	669.216
Sýn hf. (áður Fjarskipti hf.)	7,5%	862.380	(2,7%)	779.408	791.078
Hampiðjan hf.	2,4%	207.734	25,0%	572.511	523.665
Kvika hf.	1,5%	254.429	26,9%	311.439	159.900
Sláturfélag Suðurl. svf. (B hl.br.)	30,4%	151.080	(11,7%)	72.924	91.155
				44.579.916	35.824.217

* Kostnaðarverð reiknast út frá meðalgengi keyptra bréfa.

** Ávöxtun er raunávöxtun á ársgrundvelli frá kaupdegi.

SKÝRINGAR

9. EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM OG SJÓÐUM, FRH.

Óskráð félög og framtakssjóðir	Eignarhluti	Kostn.verð*	Ávöxtun**	2019	2018
Jarðvarmi slhf.	8,6%	2.138.956	4,3%	3.048.597	1.826.472
Eyrir Invest hf.	3,1%	1.053.526	18,5%	2.928.516	1.505.076
Blávarmi slhf.	8,6%	1.235.329	(1,6%)	1.243.838	0
Samkaup hf.	15,2%	495.306	8,0%	1.237.273	790.895
Eldey TLH hf.	23,8%	657.768	(10,2%)	545.596	540.010
Frumtak 2 slhf.	10,2%	473.325	(0,6%)	497.853	391.396
Kjölfesta slhf.	20,0%	436.905	(1,7%)	448.265	425.545
Brunnur vaxtarsjóður slhf.	18,8%	381.000	3,4%	444.444	329.275
FÍ Fasteignafélag slhf.	10,1%	166.479	18,7%	437.967	398.163
Akur slhf.	10,0%	430.588	(11,4%)	417.893	506.635
Framtakssjóður Íslands slhf.	14,4%	925.195	13,4%	399.946	726.959
MF1 slhf.	10,0%	368.300	4,9%	394.085	432.714
Innviðir fjárfestingar slhf.	10,0%	390.277	(3,7%)	386.256	30.256
Eyrir Sprotar slhf.	7,1%	392.871	(9,7%)	299.281	319.411
Edda slhf.	8,0%	146.636	8,1%	250.442	249.828
ALDA Credit Fund II slhf.	15,0%	220.000	3,3%	249.920	232.320
ALDA Credit Fund slhf.	10,0%	151.000	3,2%	191.770	182.257
S38 slhf.	5,2%	152.831	(2,5%)	149.235	151.339
Frumtak slhf	4,9%	473.325	(0,4%)	135.392	85.822
Freyja framtakssjóður slhf.	20,0%	156.200	(24,4%)	123.292	0
Crowberry Capital slhf.	10,3%	138.198	(17,5%)	119.085	47.377
Íslensk verðbréf hf.	5,0%	63.927	0,0%	63.942	63.942
Reiknistofa lífeyrissjóða ehf.	23,0%	24.264	(3,8%)	40.452	40.452
Undirbúningsfél. Verðbréfamiðst.	10,0%	73.451	(55,0%)	14.978	46.424
Eignarhaldsf. Sameinaða lsj.	100,0%	500	(3,5%)	10.355	10.355
BG12 slhf.	3,1%	245.223	39,6%	10.108	10.104
Eignarh.félag lífeyrissjóða ehf.	17,9%	2.200	133,0%	9.717	9.717
Sundaboginn slhf.	20,0%	19.990	(20,1%)	5.997	5.997
Framtakssjóður Íslands GP ehf.	14,9%	959	(1,1%)	1.075	1.075
Veðskuld II slhf.	19,9%	796	2,0%	796	796
Vi hf.	9,8%	786	(2,1%)	786	786
JarðvarmiGP ehf.	9,8%	408	(3,6%)	374	349
Blávarmi GP	8,6%	346	(2,6%)	346	0
Greiðslustofa lífeyrissjóða	23,3%	160	0,3%	233	231
Gamli Byr Eignarhaldsfélag ehf.	2,4%	96	(2,4%)	96	96
Sunnuvellir slhf.	20,0%	800	(42,3%)	80	80
BG12 GP hf.	3,1%	123	(21,1%)	33	33
Bakkastakkur slhf.				0	290.158
Önnur félög og sjóðir undir 2% eignarhl.				42.265	42.195
				14.150.579	9.694.540

* Kostnaðarverð reiknast út frá meðalgengi keyptra bréfa.

** Ávöxtun er raunávöxtun á ársgrundvelli frá kaupdegi.

9. EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM OG SJÓÐUM, FRH.

Erlend skráð hlutabréf	Eignarhluti	Kostn.verð*	Ávöxtun**	2019	2018
NWF Group PLC	4,9%	618.064	3,2%	681.969	567.561
Önnur hlutabréf undir 2% eignarhl.				18.189.010	12.021.892
				18.870.979	12.589.453
			Eignarhlutar í félögum samtals	77.601.474	58.108.209

* Kostnaðarverð reiknast út frá meðalgengi keyptra bréfa.

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum	Eignarhluti	Nettó fjárf.*	Ávöxtun**	2019	2018
Skráðir erlendir hlutabréfasjóðir					
Vanguard Global Stock	1,6%	16.305.384	6,3%	22.654.924	15.116.828
Vanguard Emerging Market	0,9%	8.742.785	6,9%	10.821.251	6.928.453
Vanguard European Stock	1,6%	8.091.295	4,2%	10.164.593	7.571.221
Vanguard US 500 Stock	0,7%	3.113.643	4,9%	6.180.156	4.522.673
Janus Henderson GI Equity Fund	5,5%	4.211.804	12,1%	4.508.194	0
Schroder QEP Global Quality	4,1%	2.101.729	7,0%	4.159.333	3.180.259
Jupiter Global	1,5%	3.088.961	11,5%	4.014.267	3.024.920
SSgA Global Enhanced Equity	5,0%	2.566.455	11,2%	3.498.778	2.687.929
Nordea Nordic Equity Fund	10,6%	2.301.886	2,5%	3.165.872	2.517.550
Skagen Global	1,6%	1.967.695	14,8%	2.685.048	1.984.738
Wellington Global Quality Gr.	0,4%	1.493.835	10,8%	2.511.118	1.601.997
Katla Fund Global Value	8,7%	939.931	4,1%	2.442.778	1.858.483
Skagen Kon-Tiki	0,9%	1.831.874	2,4%	2.050.188	1.682.037
DNB Norden	3,0%	1.148.439	3,3%	1.436.214	1.070.386
iShares Core S&P 500	0,0%	823.522	16,7%	1.401.162	1.201.791
Delphi Nordic	3,3%	1.148.524	(0,3%)	1.245.319	1.055.417
Morgan Stanley Inv. Funds S	0,4%	892.491	16,5%	1.145.970	622.843
Sparinvest Global Value	3,7%	541.978	6,2%	1.063.082	855.837
MFS Meridian - European Value	0,2%	691.752	5,8%	1.031.713	791.953
Hermes Investment Funds PL	0,1%	852.313	27,0%	913.363	0
Schroder Global EM Opport.	0,4%	526.399	2,1%	831.157	604.161
T. Rowe Price Funds SICAV	2,4%	597.993	(11,0%)	582.395	0
Schroder Japanese Equity	0,2%	(129.299)	4,0%	529.471	426.263
Credit Suisse Lux Gl. Em. M. ILC	3,3%	316.884	7,2%	459.144	625.448
Blackrock Developed World Index				0	2.502.667
Templeton Global Fund				0	2.109.284
Janus - Intech US Core Fund				0	1.731.288
Credit Suisse 5 SICAV				0	425.325
Aðrir sjóðir undir 2% eignarhl.				1.588.573	2.309.313
				91.084.065	69.009.065

9. EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM OG SJÓÐUM, FRH.

Skráðir innlendir hlutabréfasjóðir

	Eignarhluti	Nettó fjárf.*	Ávöxtun**	2019	2018
Júpíter innlend hlutabréf	8,7%	440.226	10,2%	466.048	422.002
ÍS Hlutabréfasjóður	3,9%	336.234	10,8%	368.797	163.096
ÍS Ríkisskuldabréf óverðtryggð	5,0%	67.000	11,0%	67.147	28.062
ÍS Úrvalsvísitölusjóður				0	14.329
Aðrir sjóðir undir 2% eignarhl.				213.738	96.851
				1.115.730	724.340

Óhefðbundnar fjárfestingar

Erlendir skráðir framtakssjóðir

Schroder Private Equity Fund III	4,0%	(856.205)	5,3%	380.953	401.212
SVG Diamond Private Equity III	1,8%	(79.340)	0,3%	141.260	200.991
Schroder Private Equity Fund II	6,3%	(293.530)	10,6%	62.904	84.596
International Private Equity II	9,6%	(694.761)	7,8%	47.356	78.028
Crown Private Equity Fund	1,6%	(854.388)	6,0%	3.644	144.714
				636.117	909.541

Erlendir óskráðir framtakssjóðir

LPE II A	9,3%	839.759	18,0%	1.616.945	1.009.734
MS Private Equity Co-Inv. Op. I	3,5%	1.001.922	13,6%	1.181.840	588.250
MS Emerging PMF I	5,7%	382.050	3,4%	1.102.776	1.347.497
AlpInvest Secondaries Fund VI	3,9%	913.008	9,1%	1.023.157	490.698
Morgan Stanley AIP VI	1,8%	718.446	5,9%	1.020.724	978.325
Portfolio Advisors PEF IX	1,3%	765.925	6,4%	838.997	425.132
Portfolio Advisors PEF VIII	1,8%	453.778	15,4%	830.633	752.072
Portfolio Advisors PEF X	4,8%	611.289	(17,1%)	590.138	0
KKR Global Instrastr. Inv.	2,4%	529.358	(12,0%)	503.419	107.339
MS Distressed Opport. Fund	3,0%	123.810	3,6%	449.024	531.787
SVG Asia Fund of Funds PLC	2,6%	126.366	3,8%	342.082	348.428
Partners Group Global Value	2,5%	718.335	3,6%	227.144	340.675
MS Div. Opportunities Fund	4,1%	208.538	7,4%	224.959	98.830
LPE II LP	14,9%	(285.042)	1,0%	211.091	386.837
MS North Haven Private Equity	3,5%	219.973	(33,8%)	198.495	0
BlackRock Vesey Street Fund III	24,8%	(617.481)	4,4%	143.877	219.752
Black Rock Private Opportunity II	2,0%	(390.002)	7,1%	25.673	54.138
Aðrir sjóðir undir 2% eignarhl.				2.138.380	2.258.603
				12.669.352	9.938.094

* Nettó fjárfesting samanstendur af heildarfjárfestingu að frádreginni sölu og arðgreiðslum. Nettó fjárfesting getur því orðið neikvæð ef heildarfjárfesting hefur öll skilað sér til baka.

** Ávöxtun er raunávöxtun á ársgrundvelli frá kaupdegi.

9. EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM OG SJÓÐUM, FRH.

	Eignarhluti	Nettó fjárf.*	Ávöxtun**	2019	2018
Innlendir óskráðir framtakssjóðir					
Auður I	10,9%	58.055	(0,3%)	77.097	75.135
Brú II	4,5%	253.800	(24,4%)	35.648	35.648
				112.745	110.784
Erlendir óskráðir fasteignasjóðir					
Metropolitan Real Estate	4,0%	549.077	(30,1%)	460.007	0
Alþjóða fasteignasjóðurinn I	14,1%	139.634	(6,7%)	40.333	55.089
BlackRock Global Real Estate	2,6%	332.928	(32,9%)	241	232
				500.582	55.321
Innlendir óskráðir fasteignasjóðir					
Gamma Agros	7,2%	200.000	13,4%	348.235	357.843
Fasteignaauður II	25,0%	175.000	1,3%	205.450	205.450
Gamma Upphaf	8,5%	131.983	(23,6%)	3.387	367.515
				557.072	930.808
Erlendir óskráðir millilagslánasjóðir					
WP Private Debt Partnership III	2,9%	209.063	0,2%	249.483	287.544
WP Mezzanine II GP LLC	3,1%	(86.475)	5,6%	144.455	162.981
Carta Capital Mezzanine F. USD	4,7%	(54.100)	1,7%	61.578	57.296
WP Private Debt Co-Investment	3,4%	57.654	(5,3%)	46.405	61.683
Carta Capital Mezzanine Fund I	4,7%	(58.199)	9,8%	12.597	12.356
Landsb. Mezzanine Fund II	18,7%	(100.627)	(0,7%)	348	6.590
Aðrir sjóðir undir 2% eignarhl.				6.731	8.100
				521.596	596.549

* Nettó fjárfesting samanstendur af heildarfjárfestingu að frádreginni sölu og arðgreiðslum. Nettó fjárfesting getur því orðið neikvæð ef heildarfjárfesting hefur öll skilað sér til baka.

** Ávöxtun er raunávöxtun á ársgrundvelli frá kaupdegi.

9. EIGNARHLUTIR Í FÉLÖGUM OG SJÓÐUM, FRH.

Skuldabréfasjóðir

	Eignarhluti	Nettó fjárf.*	Ávöxtun	2019	2018
Skráðir erlendir skuldabréfasjóðir					
UBS Lux Money Market EUR	0,4%	886.060	(2,5%)	884.277	871.003
Amundi Funds SICAV US	0,1%	480.852	(12,0%)	470.722	0
UBS Lux Money Market USD				0	878.229
				1.354.999	1.749.232
Óskráðir erlendir skuldabréfasjóðir					
Oberon Credit Investment III	2,8%	1.357.955	2,8%	1.449.381	1.443.542
Oberon Credit Investment II	3,5%	693.173	(10,0%)	651.999	657.081
MS Credit Opportunity Fund	3,3%	332.122	6,9%	432.855	390.507
				2.534.235	2.491.130
Innlendir skráðir skuldabréfasjóðir					
GAMMA Credit Fund				0	338.310
				0	338.310
Innlendir óskráðir skuldabréfasjóðir					
JR Veðskuldabréf I	8,1%	375.000	4,3%	480.596	450.615
Veðskuldabréfasjóður ÍV-VI	19,9%	393.185	0,5%	396.618	0
Veðskuldabréfasjóður ÍV	9,3%	75.000	4,5%	109.686	100.536
Veðskuldabréfasjóðurinn Virðing	16,7%	(641.741)	6,1%	100	100
Aðrir sjóðir undir 2% eignarhl.		11		2	11
				987.003	551.262
Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum samtals				112.073.497	87.404.435
Eignarhlutir í félögum og sjóðum				189.674.972	145.512.643

* Nettó fjárfesting samanstendur af heildarfjárfestingu að frádreginni sölu og arðgreiðslum. Nettó fjárfesting getur því orðið neikvæð ef heildarfjárfesting hefur öll skilað sér til baka.

** Ávöxtun er raunávöxtun á ársgrundvelli frá kaupdegi.

10. SKULDABRÉF

Skuldabréf metin á gangvirði	2019	2018
Ríkisbréf	12.022.148	13.998.796
Íbúðalánasjóður	15.553.855	17.751.926
Skuldabréf sveitarfélaga	5.335.672	4.631.676
Skuldabréf lánastofnana	5.759.636	6.975.254
Skuldabréf fyrirtækja	2.151.422	1.463.105
	40.822.732	44.820.757

Skuldabréf metin á afskrifuðu kostnaðarverði	2019	2018
Ríkisbréf	16.439.676	16.064.859
Íbúðalánasjóður	37.520.321	38.082.942
Önnur skuldabréf með ábyrgð ríkisins	2.704.549	3.341.133
Skuldabréf sveitarfélaga	12.826.367	11.777.392
Skuldabréf lánastofnana	4.508.187	4.402.064
Skuldabréf eignaleiga	1.490.977	1.404.741
Skuldabréf fyrirtækja	27.876.431	27.507.370
Veðlán greinast þannig:		
Sjóðfélagalán	48.163.206	33.128.629
Önnur veðlán	34.793.460	35.217.059
	186.323.174	170.926.190
Skuldabréf alls	227.145.906	215.746.947
Gangvirði skuldabréfa sem færð eru á afskrifuðu kostnaðarverði	202.818.987	184.501.791

Breyting á niðurfærslu skuldabréfa greinist þannig:

Niðurfærsla 1.1	3.836.185	4.740.081
Endanlega afskrifað á árinu	5.775	(1.038.069)
Breyting á niðurfærslu	57.326	134.173
Niðurfærsla 31.12	3.899.286	3.836.185

11. AÐRAR FJÁRFESTINGAR

	2019	2018
Listaverk	13.640	13.140

12. KRÖFUR

Kröfur á launagreiðendur greinast þannig:	2019	2018
Áætluð óinnheimt iðgjöld	1.485.560	1.306.015
Aðrar kröfur á launagreiðendur	1.420.401	989.701
	2.905.961	2.295.716

Aðrar kröfur greinast þannig:		
Ófrágengin viðskipti	21.705	36.463
Ógreitt vegna sölu á fullnustueignum	0	1.650
Aðrar kröfur	2.452	22.009
	24.156	60.121

13. VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR

	Rekstrar-fjármunir
Árslok 2018	
Bókfært verð í ársbyrjun	35.659
Viðbót á árinu	2.478
Afskriftir	(7.605)
Bókfært verð í árslok	30.532
Bókfært verð í árslok 2018 greinist þannig:	
Kostnaðarverð	66.499
Samansafnaðar afskriftir	(35.968)
Bókfært verð í árslok	30.532
Árslok 2019	
Bókfært verð í ársbyrjun	30.532
Viðbót á árinu	11.888
Afskriftir	(9.843)
Bókfært verð í árslok	32.577
Bókfært verð í árslok 2019 greinist þannig:	
Kostnaðarverð	75.247
Samansafnaðar afskriftir	(42.670)
Bókfært verð í árslok	32.577

SKÝRINGAR

14. ÁFALLINN KOSTNAÐUR OG FYRIRFRAMINNHEIMTAR TEKJUR

	2019	2018
Ógreiddur kostnaður	61.353	46.100
Ógreidd laun og launatengd gjöld	40.930	51.993
	102.283	98.092

15. AÐRAR SKULDIR

Ógreitt til stéttarfélaga	434.536	369.562
Aðrar skuldir (inneign hjá samtryggingu)	9.034	386
	443.570	369.948

16. TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

Tryggingafræðileg staða samtryggingardeildar sjóðsins er reiknuð í samræmi við ákvæði 39. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Útreikningurinn er gerður af tryggingastærðfræðingi sem hefur til þess tilskilda staðfestingu frá Fjármálaeftirlitinu og starfar sjálfstætt utan sjóðsins. Helstu forsendur útreikninga miðast við ákvæði IV kafla reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þar kemur m.a. fram að meta skuli dánar- og lífslíkur miðað við nýjustu dánar- og eftirlifendatöflur útgefnar af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga. Í reglugerðinni kemur einnig fram að við núvirðisútreikning væntanlegs lífeyris og framtíðariðgjalda skuli nota 3,5% vaxtaviðmiðun umfram vísitölu neysluverðs. Forsendur eru óbreyttar milli ára.

Yfirlit um breytingu á tryggingarfræðilegri stöðu samtryggingardeildar	2019	2018
Eignir		
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjörs í árslok	619.881.464	564.193.336
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjörs í ársbyrjun	564.193.336	506.056.792
Hækkun endurmetinnar eignar á árinu	55.688.128	58.136.544
Skuldbindingar		
Skuldbindingar í árslok	631.324.973	586.841.278
Skuldbindingar í ársbyrjun	586.841.278	524.107.042
Hækkun skuldbindinga á árinu	44.483.696	62.734.235
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu	11.204.432	(4.597.691)

Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar		
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun	374.207.535	344.434.996
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta	23.596.678	23.842.421
Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins	16.674.350	15.518.195
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu	(11.634.172)	(10.606.538)
Hækkun vegna nýrra lífslíkataflna	4.871.562	2.507.683
Lækkun vegna annarra breytinga	(1.215.714)	(1.489.221)
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok	406.500.238	374.207.535

17. SKULDBINDINGAR UTAN EFNAHAGS

Sjóðurinn hefur gert samninga sem skuldbinda hann til framtíðarfjárfestinga. Með samningunum hefur sjóðurinn skuldbundið sig til að fjárfesta í framtaks- og fasteignasjóðum eða sambærilegum samlagsfélögum fyrir ákveðna fjárhæð, sem er innkölluð í nokkrum áföngum. Staða skuldbindinga í árslok er sem hér greinir:

	2019	2018
Erlendir framtakssjóðir	16.427.472	8.935.779
Innlendir framtakssjóðir og samlagsfélög	2.861.538	3.034.673
Aðrir sjóðir	2.541.992	238.188
	21.831.003	12.208.639

18. FJÁRFESTINGAR

18.1 Flokkun fjárfestinga

Fjárfestingar lífeyrissjóðsins skiptast í eftirfarandi flokka:

Fjárfestingar í árslok 2019	Fjárfestingar á gangvirði	Fjárfestingar á afskrifuðu kostnaðar-verði	Samtals	Gangvirði
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	189.674.972	0	189.674.972	189.674.972
Skuldabréf	40.822.732	186.323.174	227.145.906	243.641.719
Bundnar bankainnstæður	4.493.781	0	4.493.781	4.493.781
Aðrar fjárfestingar	0	13.640	13.640	13.640
Fjárfestingar samtals	234.991.484	186.336.814	421.328.299	437.824.112

Fjárfestingar í árslok 2018	Fjárfestingar á gangvirði	Fjárfestingar á afskrifuðu kostnaðar-verði	Samtals	Gangvirði
Eignarhlutir í félögum og sjóðum	145.512.644	0	145.512.643	145.512.644
Skuldabréf	44.820.757	170.926.190	215.746.947	229.322.548
Bundnar bankainnstæður	4.250.812	0	4.250.812	4.250.812
Aðrar fjárfestingar	0	13.140	13.140	13.140
Fjárfestingar samtals	194.584.212	170.939.330	365.523.542	379.099.143

18. FJÁRFESTINGAR, FRH.

18.2 Fjármálagerningar á gangvirði

Gangvirði fjármálagernings er það viðskiptaverð sem greitt væri við kaup eða fengið væri við sölu í frjálsum viðskiptum milli markaðsaðila. Þegar markaðsverð liggur ekki fyrir notar sjóðurinn verðmatsaðferðir sem byggjast á mati og forsendum sem eru í samræmi við þær sem markaðsðilar myndu miða við í verðlagningu fjármálagerningsins. Í sumum tilfellum beitir sjóðurinn nálgun við mat á virði fjármálagerninga. Þessar nálganir eru útskýrðar nánar hér á eftir.

Í töflunum hér að neðan eru fjármálagerningar sem færðir eru á gangvirði flokkaðir í þrjú þrep sem endurspegla hvaða gögn voru notuð við mat á virði þeirra.

Þrepin þrjú hafa verið skilgreind með eftirfarandi hætti:

Þrep 1: Skráð verð eigna sem átt er viðskipti með á skipulögðum verðbréfamörkuðum.
Þrep 2: Matsverð sem byggist á greinanlegu skráðu verði öðru en því sem tilgreint er í þrepi 1 annaðhvort beint eða óbeint (afleitt af verði).
Þrep 3: Matsverð eigna byggir á áreiðanlegum upplýsingum öðrum en markaðsupplýsingum.

Eignir á gangvirði í árslok 2019	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Samtals
Eignarhlutar í félögum og sjóðum	157.641.807	0	32.033.164	189.674.972
Skuldabréf	40.822.732	0	0	40.822.732
Bundnar bankainnstæður	4.493.781	0	0	4.493.781
	202.958.320	0	32.033.164	234.991.484

Eignir á gangvirði í árslok 2018	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Samtals
Eignarhlutar í félögum og sjóðum	121.144.156	0	24.368.487	145.512.644
Skuldabréf	44.820.757	0	0	44.820.757
Bundnar bankainnstæður	4.250.812	0	0	4.250.812
	170.215.725	0	24.368.487	194.584.212

19. ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING

Hlutverk stjórnar samkvæmt lögum er að hafa eftirlit með starfsemi sjóðsins. Liður í því eftirliti er samþykkt og innleiðing áhættustefnu. Á grundvelli hennar felur stjórn sjóðsins framkvæmdastjóra og áhættustjóra sjóðsins umsjón með framkvæmd stefnunnar. Áhættustefna sjóðsins var yfirfarin á árinu 2019 og var uppfærð stefna samþykkt af stjórn 28.11.2019. Í skýringu þessari er miðað við stöðu samtryggingardeildar og útreikningar miðast við þá deild. Áhættuþættir í starfsemi séreignadeilda koma fram í skýringu 19.6.

Lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á að áhættustefnan og framkvæmd hennar sé virkur þáttur í starfseminni. Stefnan byggir á ákvæðum laga og reglugerðar nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Auk þess er stuðst við tilmæli OECD/IOPS er varðar áhættustjórnkerfi lífeyrissjóða.

Í áhættustefnunni er skipulag sjóðsins skilgreint, mælt fyrir um hlutverk og ábyrgð er varðar framkvæmd áhættustýringar, tilgreindir þeir áhættuþættir sem sjóðurinn fylgist með sem og hvernig með þeim er fylgst. Jafnframt er í stefnunni yfirlit yfir helstu áhættuþætti. Við mótun áhættustefnu hefur stjórn sett fram áhættuvilja sinn og skilgreint hefur verið áhættuþol sjóðsins, eins og mögulegt er á mælanlegan hátt fyrir helstu áhættuþætti.

Áhætta í starfsemi sjóðsins er skilgreind, til samræmis við skilgreiningar í lögum og reglugerð um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða, sem hætta á fjárhagslegu tapi sem leiðir af atburði og fellur undir einn eða fleiri af þeim áhættuþáttum sem lífeyrissjóðurinn skilgreinir. Meginmarkmið er að minnka líkur á skerðingu á réttindum sjóðfélaga til lengri tíma, ásamt því að móta fjárfestingastefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Megináhættuflokkar í starfsemi sjóðsins eru fjárhagsleg áhætta (markaðsáhætta), mótaðilaáhætta, lífeyristryggingaáhætta, lausafjáráhætta og rekstraráhætta.

19.1 FJÁRHAGSLEG ÁHÆTTA

Fjárhagsleg áhætta eða markaðsáhætta er skilgreind sem hættan á fjárhagslegu tapi eða óhagstæðum breytingum á fjárhagslegri stöðu sem stafar beint eða óbeint af sveiflum á virði eigna. Fjárhagslegri áhættu má skipta í a) vaxta- og endurfjárfestingaáhættu, b) uppgreiðsluáhættu, c) markaðsáhættu, d) gjaldmiðlaáhættu, e) ósamræmisáhættu, f) verðbólguáhættu, g) áhættu tengda eigna- og skuldbindingajöfnuði, h) áhættu vegna skuldbindinga utan efnahagsreiknings og i) fjárfestingaráhættu.

a) Vaxta- og endurfjárfestingaáhætta

Hættan á að breytingar á vöxtum og lögun vaxtaferils leiði til lækkunar á virði skuldabréfa. Ef vextir hækka getur það leitt til lækkunar á markaðsvirði bréfa auk þess sem taka þarf tillit til þess að áhætta er meiri eftir því sem bréfin eru til lengri tíma. Lækki vaxtakjör leiðir það til þess að langtímaávöxtun skuldabréfa lækkar þar sem nýjar fjárfestingar í skuldabréfum eiga sér stað á lækkaðri kröfu.

Hluti skuldabréfa sjóðsins er færður til bókar á gangvirði og hluti á upphaflegri ávöxtunarkröfu við kaup. Sá hluti sem færður er til bókar á gangvirði er næmur fyrir breytingum á ávöxtunarkröfu á markaði. Á næstu síðu má sjá hvaða áhrif breytingar á ávöxtunarkröfu hafa á gangvirði skuldabréfa sem færð eru til bókar á gangvirði. Annars vegar er gert ráð fyrir að ávöxtunarkrafa verðtryggðra og óverðtryggðra markaðsskuldabréfa lækki um 100 punkta og hins vegar að ávöxtunarkrafa hækki um 100 punkta. 100 punkta breyting samsvarar eins prósentustigs breytingu á ávöxtunarkröfu.

19. ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING, FRH.

Áhrif á hreina eign til greiðslu lífeyris:	31.12.2019	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2018
Breyting á ávöxtunarkröfu	**100 punkta lækkun**	**100 punkta hækkun**	**100 punkta lækkun**	**100 punkta hækkun**
Skuldabréf færð á gangvirði	2.630.362	(2.349.964)	3.078.866	(2.502.035)
Samtals gangvirðisbreyting	**2.630.362**	**(2.349.964)**	**3.078.866**	**(2.502.035)**
Hrein eign til greiðslu lífeyris	414.606.722	414.606.722	357.229.217	357.229.217
Breyting á hreinni eign	2.630.362	(2.349.964)	3.078.866	(2.502.035)
Hrein eign til greiðslu lífeyris eftir breytt gangvirði	**417.237.084**	**412.256.758**	**360.308.083**	**354.727.182**

b) Uppgreiðsluáhætta

Hættan á að skuldabréf með föstum vöxtum verði greidd upp fyrir gjalddaga og að lífeyrissjóðurinn fái ekki þá ávöxtun sem stefnt er að. Samkvæmt reglum sem Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) hefur gefið út er uppgreiðsluáhætta skilgreind sem líkur á að uppgreiðslur vaxi eftir því sem munur á vöxtum skuldabréfa og markaðsvöxtum er meiri.

c) Markaðsáhætta

Hætta á lækkun á markaðsvirði verðbréfa, svo sem hlutabréfa og hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða. Mælikvarði á markaðsáhættu slíkra verðbréfa er jafnan flökt ávöxtunar verðbréfa, reiknað sem frávik ávöxtunar. Fjárhæð í húfi (VaR, e. Value at Risk) er notuð til að meta líkur á hámarkstapi sem getur orðið vegna breytinga á markaðsvirði eigna miðað við 99,5% og 95% líkur, þ.e. 0,5% og 5% líkur á tapi vegna breytinga á markaðsvirði eigna og skuldbindinga byggt á sögulegum gögnum um flökt og vænta raunávöxtun. Staðalfrávik er notað til að meta flökt/sveiflur eignasafna.

Samdreifni (e. covariance) milli eignaflokka er metin sem hluti af markaðsáhættu sjóðsins. Samdreifni og samval eigna með mismunandi fylgni stuðlar að aukinni áhættudreifingu.

Innlend og erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir	Fjárhæð 31.12.2019	Fjárhæð 31.12.2018	Hlutfall af eignum 31.12.2019	Hlutfall af eignum 31.12.2018
Innlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir á gangvirði	58.994.334	44.268.365	14,2%	12,4%
Erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir á gangvirði	103.444.092	77.308.664	24,9%	21,6%
	162.438.426	**121.577.030**	**39,2%**	**34,0%**

19. ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING, FRH.

Áhrif 5% og 10% lækkunar á gangvirði eignarhluta í félögum og sjóðum á eignir sjóðsins og tryggingafræðilega stöðu er sýnd hér að neðan. Tekið skal fram að 5% og 10% hækkun á gangvirði hefur sömu áhrif en í gagnstæða átt.

Áhrif á hreina eign til greiðslu lífeyris	**31.12.2019**	**31.12.2019**	**31.12.2018**	**31.12.2018**
Breyting á gangvirði	**(5,0%)**	**(10,0%)**	**(5,0%)**	**(10,0%)**
Áhrif á innlend hlutabréf og hlutabr.sjóði	(2.949.717)	(5.899.433)	(2.213.418)	(4.426.837)
Áhrif á erlend hlutabréf og hlutabr.sjóði	(5.172.205)	(10.344.409)	(3.865.433)	(7.730.866)
Samtals gangvirðisbreyting	**(8.121.921)**	**(16.243.843)**	**(6.078.851)**	**(12.157.703)**
Hrein eign til greiðslu lífeyris	414.606.722	414.606.722	357.229.217	357.229.217
Breyting á hreinni eign	(8.121.921)	(16.243.843)	(6.078.851)	(12.157.703)
Hrein eign til greiðslu lífeyris eftir breytt gangvirði	**406.484.801**	**398.362.879**	**351.150.366**	**345.071.514**

Áhrif á tryggingafræðilega stöðu	**31.12.2019**	**31.12.2019**	**31.12.2018**	**31.12.2018**
Breyting á gangvirði	**5%**	**10%**	**5%**	**10%**
Áhrif vegna innlendra hlutabréfa og hlutabréfasjóða	(0,5%)	(1,0%)	(0,4%)	(0,8%)
Áhrif vegna erlendra hlutabréfa og hlutabréfasjóða	(0,9%)	(1,8%)	(0,7%)	(1,3%)
Samtals gangvirðisbreyting	**(1,4%)**	**(2,8%)**	**(1,0%)**	**(2,1%)**
Tryggingafræðileg staða	(1,8%)	(1,8%)	(3,9%)	(3,9%)
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu	(1,3%)	(2,6%)	(1,0%)	(2,1%)
Tryggingafræðileg staða eftir breytt gangvirði	**(3,1%)**	**(4,4%)**	**(4,9%)**	**(5,9%)**

19. ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING, FRH.

d) Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta sjóðsins felst í hættu á að breytingar á gengi gjaldmiðla (styrking ISK) rýri verðmæti erlendra eigna sjóðsins mælt í íslenskum krónum. Þá er áhættan helst fólgin í gengisflökti ISK gagnvart öðrum myntum og samdreifni milli þeirra. Lífeyrissjóðurinn skal takmarka gjaldmiðlaáhættu sína með því að tryggja að lágmarki 50% af heildareignum sjóðsins séu í sama gjaldmiðli og skuldbindingar hans.

Meirihluti eigna sjóðsins er í íslenskum krónum en 32,6% er í erlendum fjáreignum. Hér á eftir eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem mest áhrif hafa á rekstur sjóðsins. Upplýsingar um gengi og útreikning á flökti taka tillit til meðalgengis Seðlabanka Íslands en eignir í árslok eru tilgreindar á miðgengi Seðlabanka Íslands.

Mynt	Árslokagengi		Meðalgengi		Ársflökt
	2019	2018	2019	2018	2019
USD	121,1	116,33	122,62	108,37	8,24%
EUR	135,83	133,23	137,28	127,72	7,13%
DKK	18,18	17,84	18,39	17,14	7,13%
GBP	159,42	148,33	156,45	144,34	9,3%

Skipting eigna eftir myntum Mynt	Fjárhæð 2019	Fjárhæð 2018	Hlutfall af 2019	Hlutfall af 2018
USD	86.015.666	64.687.445	20,7%	18,1%
EUR	37.317.384	29.315.948	9,0%	8,2%
DKK	6.478.111	4.376.330	1,6%	1,2%
GPB	1.058.867	730.754	0,3%	0,2%
Aðrir erlendir gjaldmiðlar	4.459.391	2.859.047	1,1%	0,8%
	135.329.419	**101.969.524**	**32,6%**	**28,5%**

Næmnigreining

Í töflunni hér að neðan eru sýnd hvaða áhrif 5% og 10% styrking á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði á gangvirði eigna í erlendri mynt, hreina eign til greiðslu lífeyris og tryggingafræðilega stöðu miðað við stöðu eigna í viðkomandi gjaldmiðli á reikningsskiladegi. 5% og 10% veiking á gengi íslensku krónunnar hefði öfug áhrif.

Áhrif á hreina eign til greiðslu lífeyris	**31.12.2019**	**31.12.2019**	**31.12.2018**	**31.12.2018**
Styrking á gengi íslensku krónunnar	**5%**	**10%**	**5%**	**10%**
USD	(4.300.783)	(8.601.567)	(3.234.372)	(6.468.745)
EUR	(1.865.869)	(3.731.738)	(1.465.797)	(2.931.595)
DKK	(323.906)	(647.811)	(218.817)	(437.633)
GPB	(52.943)	(105.887)	(36.538)	(73.075)
Aðrir erlendir gjaldmiðlar	(222.970)	(445.939)	(142.952)	(285.905)
Samtals gangvirðisbreyting	**(6.766.471)**	**(13.532.942)**	**(5.098.476)**	**(10.196.952)**
Hrein eign til greiðslu lífeyris	414.606.722	414.606.722	357.229.217	357.229.217
Breyting á hreinni eign	(6.766.471)	(13.532.942)	(5.098.476)	(10.196.952)
Hrein eign til greiðslu lífeyris eftir breytt gangvirði	**407.840.251**	**401.073.780**	**352.130.741**	**347.032.265**

19. ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING, FRH.

Áhrif á tryggingafræðilega stöðu	31.12.2019	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2018
Styrking á gengi íslensku krónunnar	**5%**	**10%**	**5%**	**10%**
USD	(0,7%)	(1,4%)	(0,6%)	(1,1%)
EUR	(0,3%)	(0,6%)	(0,3%)	(0,5%)
DKK	(0,1%)	(0,1%)	(0,0%)	(0,1%)
GPB	(0,0%)	(0,0%)	(0,0%)	(0,0%)
Aðrir erlendir gjaldmiðlar	(0,0%)	(0,1%)	(0,0%)	(0,1%)
Samtals	**(1,1%)**	**(2,1%)**	**(0,9%)**	**(1,7%)**
Tryggingafræðileg staða	(1,8%)	(1,8%)	(3,9%)	(3,9%)
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu	(1,1%)	(2,1%)	(0,9%)	(1,7%)
Tryggingafræðileg staða eftir breytt gangvirði	**(2,9%)**	**(4,0%)**	**(4,7%)**	**(5,6%)**

e) Ósamræmisáhætta

Ósamræmisáhætta vísar til ósamræmis í breytingum á markaðsverði eigna annars vegar og virði skuldbindinga hins vegar. Dæmi um áhættuþátt er verðtrygging. Lífeyrisréttindi eru verðtryggðar skuldbindingar en eignasafn er sjaldnast verðtryggt að fullu. Ýmsar eignir hafa þó eiginleika óbeinnar verðtryggingar. Álagspróf eða næmnipróf eru dæmigerð próf fyrir ósamræmi eigna og skuldbindinga þar sem leitast er við að meta næmni eigna og skuldbindinga fyrir breytingum á vöxtum, verðbólgu og öðrum þáttum sem eru sameiginlegir í báðum tilvikum.

f) Verðbólguáhætta

Verðbólguáhætta er sú hætta að verðbólga valdi hækkun á lífeyrisskuldbindingar umfram raunávöxtun eigna. Verðbólguáhætta er viðvarandi í rekstri sjóðsins þar sem skuldbindingar eru að fullu verðtryggðar en eignasafnið er hins vegar að hluta verðtryggt.

Verðtryggðar eignir	Fjárhæð 31.12.2019	Fjárhæð 31.12.2018	Hlutfall af eignum 31.12.2019	Hlutfall af eignum 31.12.2018
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	51.675.959	56.585.409	12,5%	15,8%
Útlán til sjóðfélaga og annarra	68.437.766	61.635.527	16,5%	17,3%
Önnur skuldabréf	55.493.782	50.394.614	13,4%	14,1%
Verðtryggð innlán	674.119	644.424	0,2%	0,2%
	176.281.626	**169.259.973**	**42,5%**	**47,4%**

g) Áhætta tengd eigna- og skuldbindingajöfnuði

Hætta á að eignir mæti ekki skuldbindingum til lengri tíma, sem má til að mynda rekja til óhagstæðra markaðsbreytinga sem hafa önnur áhrif á eignir en skuldbindingar.

19. ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING, FRH.

19.2 Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi sökum þess að mótaðili uppfyllir ekki skuldbindingar sínar. Með mótaðilaáhættu er átt við að útgefendur verðbréfa svo sem lántakendur eða fyrirtæki, verði gjaldþrota eða hæfi mótaðilans til greiðslu versni verulega. Mótaðilaáhættu má skipta í útlánaáhættu, samþjöppunaráhættu, landsáhættu, afhendingaráhættu og uppgjörsáhættu.

Útlánaáhætta er hættan á greiðslufalli skuldara og tapi sem af því getur orðið. Skuldaraáhætta er mæld með gjaldþolsprófi eða lánshæfismati. Aldursgreining vanskila og breyting á tryggingahlutföllum eru önnur dæmi um mat á útlánaáhættu. Útlánaáhætta tengd sjóðfélagalánum getur til að mynda falist í því að mótaðili viðhaldi ekki veðandlagi eða rýri það með aðgerðaleysi. Þá kann verðlækkun fasteigna að leiða til aukinnar útlánaáhættu, svo dæmi sé tekin af greiningu á útlánaáhættu.

Þeir mótaðilar sjóðsins sem hafa opinbera lánshæfiseinkunn eru m.a. ríkissjóður og Íbúðalánasjóður. Ríkissjóður er með einkunnirnar A2/A/A (Moody's/Standard & Poor's/Fitch) þegar kemur að langtímaskuldbindingum í innlendri mynt.

Útlánaáhætta, lánshæfismat miðast við 31.12.2019

	Fjárhæð 31.12.2019	Fjárhæð 31.12.2018	Hlutfall af 31.12.2019	Hlutfall af 31.12.2018
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs, lánshæfismat S&P A	73.721.406	78.086.072	17,8%	21,9%
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs, önnur	5.519.729	6.617.569	1,3%	1,9%
Útlán til sjóðfélaga	48.211.361	33.208.870	11,6%	9,3%
Önnur veðlán	33.927.906	34.150.685	8,2%	9,6%
Önnur skuldabréf	56.984.759	59.073.518	13,7%	15,6%
Varúðarniðurfærsla veðskuldabréfa	(3.899.286)	(3.836.185)	(0,9%)	(1,1%)
Samtals	**214.465.875**	**207.300.529**	**51,7%**	**57,0%**

Vanskilatöflur

90 daga vanskil	Fjárhæð 31.12.2019	Fjárhæð 31.12.2018	Hlutfall 31.12.2019	Hlutfall 31.12.2018
Útlán til sjóðfélaga	11.842	13.380	0,02%	0,04%
Önnur útlán	4.746	12.608	0,01%	0,04%
Önnur skuldabréf	25.120	9	0,04%	0,00%

Varúðarniðurfærsla vegna útlána og skuldabréfa	
Í árslok 2019	(3.899.286)
Í árslok 2018	(3.836.185)
Lækkun niðurfærslu	**(63.101)**

19. ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING, FRH.

19.3 Lífeyristryggingaráhætta

Lífeyristryggingaráhætta er hættan á því að lífeyrissjóður vanmeti lífeyrisskuldbindingar sínar vegna vanmats eða óvissu tengdum lýðfræðilegum þáttum, svo sem forsendum um dánar- og örorkutíðni auk forsenda um vexti og verðbólgu. Lífeyristryggingaráhættu má skipta í skerðingaráhættu, iðgjaldaáhættu, hagræna áhættu, lýðfræðilega áhættu og réttindaflutningsáhættu. Til þess að meta lífeyristryggingaráhættu er m.a. horft á hlutfall lífeyris á á móti iðgjöldum, aldurssamsetningu sjóðfélaga og fleira.

Með því að framkvæma tölfræðilegar hermanir (e. simulation) á eignum og skuldbindingum sjóðsins miðað við mismunandi forsendur er hægt að meta líkur á að sjóðurinn þurfi að breyta réttindum, sbr. nánari ákvæði laga og samþykkta sjóðsins.

Álagspróf

Sjóðurinn framkvæmir reglulega álagspróf, næmnigreiningar og athuganir á viðnámsþrótti eftir því sem við á. Markmið með framkvæmd álagsprófsins er að meta hvort tryggingafræðileg staða sjóðsins verði undir -10% miðað við mismunandi álagsþætti. Þetta er gert þar sem að í 39. gr. laga nr. 129/1997 er kveðið á um að ef heildartryggingafræðileg staða lífeyrissjóða án ábyrgðar, leiðir í ljós að meira en 10% munur er á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga er skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum. Með sama hætti þarf að gera breytingar á samþykktum ef munurinn hefur haldist 5% eða meiri síðastliðin 5 ár.

	Breyting trygginga-fræðilegrar stöðu 2019	Trygginga-fræðileg staða 2019	Breyting trygginga-fræðilegrar stöðu 2018	Trygginga-fræðileg staða 2018
Niðurstöður álagsprófs:				
Staða		(1,8%)		(3,9%)
Tryggingafræðileg krafa lækkuð úr 3,5% í 3,0%	(8,0%)	(9,9%)	(7,9%)	(11,8%)
Líftölur hliðrast um 2 ár	(5,7%)	(7,5%)	(6,2%)	(10,0%)
Örorkulíkur auknar um 10%	(0,4%)	(2,3%)	(0,4%)	(4,3%)
Vísitala neysluverðs hækkun um 0,5%	(0,5%)	(2,3%)	(0,3%)	(4,2%)
Gengisvísitala lækkar um 10%	(2,1%)	(4,0%)	(1,7%)	(5,6%)
Fasteignaveðtryggð skuldabréf lækka um 10%	(1,2%)	(3,0%)	(1,1%)	(5,0%)
Markaðsskuldabréf lækka um 10%	(3,2%)	(5,1%)	(2,4%)	(6,2%)
Erlend hlutabréf lækka um 10%	(1,7%)	(3,5%)	(1,4%)	(5,2%)
Innlend hlutabréf lækka um 10%	(0,8%)	(2,7%)	(0,7%)	(4,6%)

19.4 Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á að sjóðurinn hafi ekki yfir nægu fé að ráða til að standa undir skuldbindingum sínum eða þurfi að selja eignir á óviðunandi verði. Skipta má lausafjáráhættu í seljanleikaáhættu og útstreymisáhættu.

Seljanleikaáhættan lýtur að áhættunni á því að ekki sé unnt að selja verðbréf eða innleysa fjármálagerninga á nógu skömmum tíma, nema undir matsvirði, til að mæta greiðslu á skuldbindingum. Útstreymisáhætta vísar hins vegar til hættunnar á að eignir renni hraðar úr sjóðnum en ráð var fyrir gert.

19. ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING, FRH.

Hlutfall innlána, skuldabréfa með ábyrgð ríkissjóðs og skráðra verðbréfa af eignum

	2019	2018
Innlán	2,0%	1,5%
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	19,1%	23,7%
Innlend skráð hlutabréf	10,6%	9,9%
Skráð skuldabréf sveitarfélaga, lánastofnana og fyrirtækja	6,7%	7,6%
Erlend skráð hlutabréf	4,6%	3,4%
Erlend skráð hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum (lög nr. 30/2003)	21,7%	19,1%
	64,6%	**65,3%**

Til að lágmarka útstreymisáhættu er fylgst með útstreymi greidds lífeyris og innstreymi iðgjalda og afborgana/arðgreiðslna af verðbréfum. Ef hlutfallið er lægra en 100% þýðir það að meira innstreymi er af iðgjöldum til sjóðsins heldur en sjóðurinn greiðir út af lífeyri, þ.e. nettó innstreymi fjármagns til sjóðsins.

Hlutfall lífeyris af iðgjöldum

	2019	2018
Lífeyrir	11.752.161	10.606.538
Iðgjöld	18.011.013	16.505.959
Lífeyrisbyrði	**65,25%**	**64,26%**

19.5 Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er hættan á fjárhagslegu tapi vegna ófullnægjandi innri kerfa, stefnu eða verkferla, háttsemi starfsmanna eða ytri þátta. Skipta má rekstraráhættu í starfsmannaáhættu, sviksemisáhættu, áhættu vegna upplýsingatækni, orðsporsáhættu, pólitíska áhættu, úrskurðaráhættu lífeyris, áhættu vegna útvistunar, upplýsingaáhættu, áhættu vegna stjórnarhátta, UFS áhættu og skjalaáhættu.

Einn mikilvægasti þáttur í starfsemi Birtu er skipulag starfseminnar sem byggir á skilvirkum reglum, verklagsreglum og ferlum. Til að lágmarka rekstraráhættu þarf innra verklag að innifela eftirlitsaðgerðir sem eiga að vera óaðskiljanlegur hluti af daglegri starfsemi sjóðsins. Mikilvægt er að starfsmenn og stjórnendur séu vel upplýstir um tilvist reglna og ferla sjóðsins og að þeim sé markvisst fylgt eftir.

Undir rekstraráhættu flokkast jafnframt pólitísk áhætta, en hún er skilgreind sem áhættan af því að aðgerðir eða aðgerðarleysi stjórnvalda auki lífeyrisbyrði sjóðs, auk annarra neikvæðra áhrifa sem óvissa um mögulegar stjórnvaldsaðgerðir kann að skapa. Hér undir falla einnig breytingar á lögum eða reglum um starfsemina eða túlkun þeirra sem valda verulegum breytingum á starfseminni. Þetta kunna t.d. að vera breytingar á lögum um lífeyrissjóði, uppgjörsreglum, skattalögum, lögum um aðra aðila sem hafa áhrif á starfsemi sjóðsins, eftirliti og eftirlitsreglum, heimildum til fjárfestinga og fleiri þátta.

19. ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING, FRH.

19.6 Áhættuþættir séreignaleiða

a) Vaxta- og endurfjárfestingaáhætta

Hættan á að breytingar á vöxtum og lögun vaxtaferils leiði til lækkunar á virði skuldabréfa. Ef vextir hækka getur það leitt til lækkunar á markaðsvirði bréfa auk þess sem taka þarf tillit til þess að áhætta er meiri eftir því sem bréfin eru til lengri tíma. Lækki vaxtakjör leiðir það til þess að langtímaávöxtun skuldabréfa lækkar þar sem nýjar fjárfestingar í skuldabréfum eiga sér stað á lækkaðri kröfu.

Skuldabréf séreignaleiða eru færð á gangvirði. Bréf sem eru færð til bókar á gangvirði eru næm fyrir breytingum á ávöxtunarkröfu á markaði, hér að neðan má sjá hvaða áhrif breytingar á ávöxtunarkröfu hafa á gangvirði skuldabréfa. Annars vegar er gert ráð fyrir að ávöxtunarkrafa verðtryggðra og óverðtryggðra markaðsskuldabréfa lækki um 100 punkta og hins vegar að ávöxtunarkrafa hækki um 100 punkta. 100 punkta breyting samsvarar eins prósentustigs breytingu á ávöxtunarkröfu. Áhrifin eru metin fyrir Skuldabréfaleið og Blandaða leið séreignaleiða, en ekki fyrir Innlánsleið og Tilgreinda séreign.

	Skuldabréfaleið		Blönduð leið	
	31.12.2019	31.12.2019	31.12.2019	31.12.2019
Áhrif á hreina eign til greiðslu lífeyris				
Breyting á ávöxtunarkröfu	**100 punkta lækkun**	**100 punkta hækkun**	**100 punkta lækkun**	**100 punkta hækkun**
Skuldabréf færð á gangvirði	659.881	(374.823)	202.966	(154.063)
Samtals gangvirðisbreyting	**659.881**	**(374.823)**	**202.966**	**(154.063)**
Hrein eign til greiðslu lífeyris	7.651.885	7.651.885	4.984.097	4.984.097
Breyting á hreinni eign	659.881	(374.823)	202.966	(154.063)
Hrein eign til greiðslu lífeyris eftir breytt gangvirði	**8.311.766**	**7.277.062**	**5.187.063**	**4.830.034**

b) Markaðsáhætta

Hætta á lækkun á markaðsvirði verðbréfa, svo sem hlutabréfa og hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða. Mælikvarði á markaðsáhættu slíkra verðbréfa er jafnan flökt ávöxtunar verðbréfa, reiknað sem frávik ávöxtunar. Fjárhæð í húfi (VaR, e. Value at Risk) er notuð til að meta líkur á hámarkstapi sem getur orðið vegna breytinga á markaðsvirði eigna m.v. 99,5% og 95% líkur, þ.e. 0,5% og 5% líkur á tapi vegna breytinga á markaðsvirði eigna og skuldbindinga byggt á sögulegum gögnum um flökt og væntanlega raunávöxtun. Staðalfrávik er notað til að meta flökt/sveiflur eignasafna.

Samdreifni (e. covariance) milli eignaflokka er metin sem hluti af markaðsáhættu sjóðsins. Samdreifni og samval eigna með mismunandi fylgni stuðlar að aukinni áhættudreifingu. Áhrifin eru metin fyrir Skuldabréfaleið og Blandaða leið séreignaleiða og Tilgreinda séreign, en ekki fyrir Innlánsleið.

19. ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING, FRH.

Innlend og erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir séreignaleiða 31.12.2019	Fjárhæð Skuldabréfa-leið	Fjárhæð Blönduð leið	Hlutfall af eignum Skuldabréfa-leið	Hlutfall af eignum Blönduð leið
Innlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir á gangvirði	261	21.232	0,0%	0,4%
Erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir á gangvirði	0	2.025.166	0,0%	40,6%
Samtals	**261**	**2.046.398**	**0,0%**	**41,1%**

Áhrif 5% og 10% lækkunar á gangvirði eignarhluta í félögum og sjóðum á eignir sjóðsins. Tekið skal fram að 5% og 10% hækkun á gangvirði hefur sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	Skuldabréfaleið		Blönduð leið	
Áhrif á hreina eign til greiðslu lífeyris Breyting á gangvirði	**31.12.2019 (5%)**	**31.12.2019 (10%)**	**31.12.2019 (5%)**	**31.12.2019 (10%)**
Áhrif á innlend hlutabréf og hlutabr.sjóði	(0.13)	(0.26)	(1.062)	(2.123)
Áhrif á erlend hlutabréf og hlutabr.sjóði	0	0	(101.258)	(202.517)
Samtals gangvirðisbreyting	**(0.13)**	**(0.26)**	**(102.320)**	**(204.640)**
Hrein eign til greiðslu lífeyris	7.651.885	7.651.885	4.984.097	4.984.097
Breyting á hreinni eign	(0.13)	(0.26)	(102.320)	(204.640)
Hrein eign til greiðslu lífeyris eftir breytt gangvirði	**7.651.872**	**7.651.859**	**4.881.777**	**4.779.457**

Innlend og erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir séreignaleiða 31.12.2019	Fjárhæð Tilgreind séreign	Hlutfall af eignum Tilgreind séreign
Innlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir á gangvirði	211.358	22,0%
Erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir á gangvirði	255.198	26,6%
Samtals	**466.556**	**48,6%**

Áhrif 5% og 10% lækkunar á gangvirði eignarhluta í félögum og sjóðum á eignir sjóðsins. Tekið skal fram að 5% og 10% hækkun á gangvirði hefur sömu áhrif en í gagnstæða átt.

19. ÁHÆTTUÞÆTTIR Í STARFSEMI OG ÁHÆTTUSTÝRING, FRH.

	Tilgreind séreign	
Áhrif á hreina eign til greiðslu lífeyris	**31.12.2019**	**31.12.2019**
Breyting á gangvirði	**(5%)**	**(10%)**
Áhrif á innlend hlutabréf og hlutabr.sjóði	(10.568)	(21.136)
Áhrif á erlend hlutabréf og hlutabr.sjóði	(12.760)	(25.520)
Samtals gangvirðisbreyting	**(23.328)**	**(46.656)**
Hrein eign til greiðslu lífeyris	959.778	959.778
Breyting á hreinni eign	(23.328)	(46.656)
Hrein eign til greiðslu lífeyris eftir breytt gangvirði	**936.450**	**913.122**

c) Verðbólguáhætta

Verðbólguáhætta er sú hætta að verðbólga valdi hækkun á lífeyrisskuldbindingum umfram raunávöxtun eigna. Verðbólguáhætta er viðvarandi í rekstri sjóðsins.

Verðtryggðar eignir séreignaleiða 31.12.2019

	Fjárhæð Innlánsleið	Fjárhæð Skuldabréfa-leið	Fjárhæð Blönduð leið	Fjárhæð Tilgreind séreign
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	0	3.713.223	1.286.191	111.714
Önnur veðlán	0	1.111.687	106.852	0
Önnur skuldabréf	0	2.279.015	677.417	58.701
Verðtryggð innlán	3.819.662	0	0	0
Samtals	**3.819.662**	**7.103.924**	**2.070.460**	**170.415**

	Hlutfall af eignum Innlánsleið	Hlutfall af eignum Skuldabréfa-leið	Hlutfall af eignum Blönduð leið	Hlutfall af eignum Tilgreind séreign
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	0,0%	48,5%	25,8%	11,6%
Önnur veðlán	0,0%	14,5%	2,1%	0,0%
Önnur skuldabréf	0,0%	29,8%	13,6%	6,1%
Verðtryggð innlán	99,8%	0,0%	0,0%	0,0%
Samtals	**99,8%**	**92,8%**	**41,5%**	**17,8%**

SKÝRINGAR

20. ÓFJÁRHAGSLEG UPPLÝSINGAGJÖF - ÓENDURSKOÐAÐ

20.1 STJÓRNARHÆTTIR

Stjórn Birtu lífeyrissjóðs hefur með stjórnháttaryfirlýsingu einsett sér að starfsemi sjóðsins verði í samræmi við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti á hverjum tíma. Neðangreindum þáttum er ætlað að gera sjóðnum mögulegt að mæla árangur af framfylgni með stjórnarháttum og eru þeir tilgreindir í samræmi við mat stjórnar og stjórnenda á helstu áhættuþáttum sem tengjast stjórnarháttum í starfseminni.

a) Fjárfestingar í innviðum og þjónustu samfélagsins

Birta lífeyrissjóður kemur að margvíslegum samfélagsverkefnum með ýmsum hætti. Sjóðurinn er aðili að Landssamtökum lífeyrissjóða sem gæta hagsmuna sjóðfélaga og lífeyrissjóða ásamt því að vera málsvari gagnvart stjórnvöldum og öðrum varðandi lífeyrismál og hagsmuni tengda þeim.

Á árinu 2017 voru samtök um ábyrgar fjárfestingar á Íslandi (IcelandSIF) stofnað og var Birta lífeyrissjóður meðal 23 stofnfélaga samtakanna. Tilgangur samtakanna er að stuðla að aukinni þekkingu og umræðu um aðferðarfræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga.

Birta lífeyrissjóður hefur samið til þriggja ára við Skógræktina um gróðursetningu og skógrækt á alls þremur hekturum lands í Haukadal sem hluta af Grænum sporum Birtu, sjá skýringu 20.2 a). Markmiðið er að kolefnisjafna starfsemi lífeyrissjóðsins sjálfs, stjórnarmanna, stjórnenda og annars starfsfólks. Þannig tekur Birta ábyrgð á afleiðingum eigin reksturs fyrir náttúruna, stuðlar að því að draga úr koldíoxíði í andrúmslofti og binda jarðveg á gróðursnauðu svæði. Kolefnisbinding og kolefnisforði í trjám, botngróðri og jarðvegi í Haukadal verður eign Birtu til ársins 2068.

b) Óbein efnahagsleg áhrif og umfang þeirra

Stjórn og starfsmenn telja að Birta lífeyrissjóður hafi jákvæð áhrif á sitt nánast umhverfi og að viðskipti sjóðsins stuðli að skilvirkari fjármálamarkaði. Að fjárfestingar sjóðsins í atvinnulífinu stuðli að skilvirkari samfélagi og uppbyggingu og nýsköpun í atvinnulífi landsins með arðbærum hætti. Að kaup sjóðsins og skuldabréfum, bæði af fyrirtækjum og sjóðfélögum leiði til skilvirkari og samkeppnishæfari fjármálastarfsemi á Íslandi. Að uppbygging sparnaðar til að mæta framtíðar lífeyrisskuldbindingum sé til hagsbóta fyrir samfélagið og stuðli að jákvæðum efnahagslegum áhrifum.

c) Greining á spillingaráhættu

Til að sjóðurinn sinni hlutverki sínu sem best hefur stjórn Birtu sett samskipta- og siðareglur til að stuðla að góðum starfsháttum og samskiptum. Einnig eru til staðar reglur um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka samþykktar af stjórn.

Hjá sjóðnum er starfandi regluvörður og áhættustjóri sem sinna eftirliti með spillingaráhættu og fylgni við framangreindar reglur.

Samskipta- og siðareglur sjóðsins eru kynntar starfsmönnum við ráðningu en þær taka meðal annars á hvað teljist góðir starfshættir, hagsmunaárekstrum, meðferð trúnaðarupplýsinga, samfélagslega ábyrgð, starfstengdum ferðum og boðsferðum, gjöfum, öðrum störfum og tilkynningu brota á samskipta- og siðareglum. Reglurnar má finna á heimasíðu sjóðsins, birta.is.

d) Upplýsingamiðlun og þjálfun í ferlum og stefnum sem varða spillingu

Á árinu 2019 var fræðsla tengd reglum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka til að auka vitund meðal starfsmanna til hvaða ráðstafana skuli grípa þegar grunur vaknar um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.

Ríkar kröfur eru gerðar til stjórnar og framkvæmdastjóra sjóðsins og er kveðið um hæfisskilyrði þeirra í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Allir stjórnarmenn sjóðsins sem og framkvæmdastjóri hafa verið metnir hæfir af Fjármálaeftirlitinu.

20. ÓFJÁRHAGSLEG UPPLÝSINGAGJÖF - ÓENDURSKOÐAÐ, FRH.

e) Kjarasamningar

Kjarasamningur VR og SA gildir frá 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022. Samið var um krónutöluhækkanir eins og lagt var upp með í upphafi samningaviðræðna en auk þess eru launahækkanir að hluta tengdar þróun hagvaxtar og er gert ráð fyrir árlegri endurskoðun taxtalauna í ljósi launaþróunar á almennum vinnumarkaði.

Einnig var samið um styttingu vinnuvikunnar og innleiddi Birta lífeyrissjóður þá breytingu í júní 2019. Skrifstofu sjóðsins er lokað klukkustund fyrr á föstudögum.

f) Launahlutfall framkvæmdastjóra	2019	2018
Launahlutfall framkvæmdastjóra	2,9:1	2,7:1

Launahlutfall framkvæmdastjóra er reiknað sem hlutfall af miðgildi launa allra starfsmanna.

20.2 UMHVERFISÞÆTTIR

Birta lífeyrissjóður hefur sett sér umhverfisstefnu sem er aðgengileg á vef sjóðsins og gerð er grein fyrir henni í ársskýrslu. Neðangreindum umhverfisþáttum er ætlað að gera sjóðnum mögulegt að mæla árangur af aðgerðum í umhverfismálum og eru þeir tilgreindir í samræmi við mat stjórnar og stjórnenda á helstu áhættuþáttum sem tengjast umhverfisþáttum í starfseminni.

a) Umhverfisstefna og Grænn spor Birtu

Birta lífeyrissjóður lætur sig umhverfismál miklu skipta og hefur einsett sér að taka grænn skref í starfsemi sinni. Hjá sjóðnum er til staðar umhverfisstefna og er tilgangur hennar að efla þekkingu á umhverfisáhrifum starfseminnar og leitast við að draga úr þeim. Umhverfisvitund endurspeglast í rekstri sjóðsins, stjórnun, ákvarðanatöku og daglegum störfum ásamt því að draga úr kostnaði. Unnið er að því að undirbúa grænt bókhald og rýna starfsemi sjóðsins með hliðsjón af kerfinu Grænum skrefum í ríkisrekstri.

Markmið umhverfisstefnunnar eru eftirfarandi:

- Auka vægi stafrænnar þjónustu án þess að dregið verði úr þjónustustigi.
- Fara sparlega með orku, notast við vistvænar lausnir og lágmarka óþarfa orkunotkun.
- Minnka sóun, flokka úrgang, endurvinna og draga úr notkun aðfanga eins og kostur er.
- Reka kolefnishlutlausa starfsemi með því að minnka kolefnisfótspor og kolefnisbinda í gróðri.
- Vistvæn innkaup á vörum og þjónustu og draga úr notkun einnota aðfanga.
- Grænt bókhald þar sem hægt er að draga fram upplýsingar um umhverfisáhrif af starfsemi sjóðsins.

b) Bein orkunotkun eftir orkutegund

Sjóðurinn hefur ekki tök á því að fá fullnægjandi upplýsingar um rafmagns- og heitavatnsnotkun þar sem orkukostnaður er hluti af leiguverði sjóðsins og er reiknaður sem hlutfall af leigðum fermetrafjölda.

c) Óbein orkunotkun eftir tegund

Óbein orkunotkun er orkunotkun sem er hægt að rekja beint til starfsemi sjóðsins en á sér stað hjá öðrum aðilum, til dæmis flug og aðrar samgöngur.

Á árinu 2019 voru farnir 24 (2018: 20) vinnutengdir flugleggir sem losuðu um 5,8 (2018: 4,2) tonn af gróðurhúsalofttegundum sem er aukning frá fyrra ári. Til að kolefnisjafna flugferðirnar þarf að gróðursetja 58 tré (2018: 37). Birta hefur komið upp Birtuskógi í Haukadal þar sem starfsemi sjóðsins er kolefnisjöfnuð og voru gróðursett 2.500 tré þar á árinu 2019 til viðbótar við þau 2.500 tré sem gróðursett voru á árinu 2018.

20. ÓFJÁRHAGSLEG UPPLÝSINGAGJÖF - ÓENDURSKOÐAÐ, FRH.

d) Aðgerðir til að draga úr orkunotkun

Í starfsemi sjóðsins er lögð áhersla á orkusparnað og að draga úr losun gróðurhúsaloftegunda. Markvisst er unnið að því að gera starfsemi sjóðsins umhverfisvænni. Hægt er að sækja um flesta þjónustu sjóðsins rafrænt til að draga úr pappírs- og prentaranotkun. Einnig er búið að rafvæða lánaferli sjóðsins, bæði greiðslumat og undirritun gagna er rafræn. Pappírs- og prentunarkostnaður sjóðsins hefur lækkað um 20% (2018: lækkun um 24%) milli ára og gætt er að því að pappír sem notaður er komi úr nytjaskógum.

Settar eru upp sparperur þegar perur eru endurnýjaðar en sparperur krefjast minni orku en glóperur. Sjóðurinn flokkar sorp og er endurnýtanlegum úrgangi komið til endurvinnslu og spilliefnum fargað á viðeigandi hátt.

20.3 FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR

Birta lífeyrissjóður hefur sett sér mannauðsstefnu, sérstakar reglur gegn einelti á vinnustað, samskipta- og siðareglur og reglur um hæfi lykilstarfsmanna. Neðangreindum þáttum er ætlað að gera sjóðnum mögulegt að mæla árangur tengdan félagslegum þáttum og eru þeir tilgreindir í samræmi við mat stjórnar og stjórnenda á helstu áhættuþáttum sem tengjast félagslegum þáttum í starfseminni.

a) Starfsmannavelta

Starfsmannavelta er kostnaðarsöm en hún felur líka í sér ákveðin tækifæri til hagræðingar. Heildarstarfsmannavelta (e. total turnover) lækkar talsvert milli ára og var 7,1% á árinu 2019 sem og valkvæð starfsmannavelta en tveir starfsmenn, konur, létu af störfum. Skýringu lækkandi starfsmannaveltu má finna í því að lengra er liðið frá stofnun Birtu, eftir sameiningu tveggja lífeyrissjóða 1. desember 2016 og reksturinn orðinn straumlínulagaðri. Tveir starfsmenn voru ráðnir til sjóðsins á árinu 2019, báðar konur.

b) Fæðingarorlof

Birta er fjölskylduvænn vinnustaður og leitast er eftir því að starfsmenn upplifi jafnvægi og geti samræmt starfsskyldur og fjölskylduábyrgð. Hugað er að jafnrétti kynjanna innan sjóðsins og eru feður hvattir til að taka fæðingarorlof ekki síður en mæður þegar svo ber undir. Alls fóru tveir starfsmenn í fæðingarorlof á árinu 2019, um er að ræða tvær konur. Þær munu báðar snúa aftur til starfa hjá sjóðnum á árinu 2020 að fæðingarorlofi loknu.

c) Fyrirlestrar og fræðsla

Fyrirlestrar og fræðsluerindi af ýmsum toga eru haldin mjög reglulega fyrir starfsfólk sjóðsins. Annars vegar er um að ræða innanhússfræðslu þar sem starfsfólk upplýsir hvert annað og hins vegar utanaðkomandi fyrirlesara sem halda fyrirlestra hjá sjóðnum. Fræðslustundir námu 1.515 klukkustundum árið 2019 og jafngildir það því að allir starfsmenn sjóðsins hafi að meðaltali hlotið 54,10 klukkustundir í þjálfun á árinu. Um 61,1 % af fræðslustundum ársins eru vegna endurmenntunar, starfs- og síþjálfunar sem starfsmenn þurfa á að halda til að viðhalda réttindum og hæfni til að sinna störfum sínum.

d) Verkefni er lúta að þekkingarþróun og símenntun

Sjóðurinn styður stöðugt við þekkingarþróun í lífeyrismálum. Nauðsynlegt er að uppfæra þekkingu starfsfólks samhliða breytingum og innleiðingu nýjunga. Starfsfólk sjóðsins býr yfir mikilli sérþekkingu og færni og stöðugt er leitað leiða til hagræðingar og framþróunar sem kallar á símenntun starfsfólks, ekki síst með tilkomu rafvæðingar sem snertir flest starfssvið sjóðsins.

e) Hlutfall starfsmanna sem undirgangast reglulegt frammistöðumat og eiga starfsþróunarsamtal

Allir starfsmenn sjóðsins eru boðaðir í starfsmannasamtal a.m.k. árlega. Þar er m.a. rætt um líðan í starfi, frammistöðu og starfsþróun almennt ásamt því að lagðar eru línur hvað varðar endurmenntun og þá fræðslu sem starfsmaðurinn þarf á að halda og hefur áhuga á að sækja á komandi ári.

20. ÓFJÁRHAGSLEG UPPLÝSINGAGJÖF - ÓENDURSKOÐAÐ, FRH.

f) Samsetning stjórnenda og starfsmanna eftir kyni og aldri
Hjá Birtu lífeyrissjóði starfar fjölbreyttur hópur starfsmanna. Í lok árs 2019 voru 27 starfsmenn í starfi, þar af voru karlmenn um fjórðungur starfsmanna. Meðalaldur starfsmanna er 49 ár og meðalstarfsaldur starfsmanna er 10,5 ár.

g) Jafnlaunavottun
Á árinu 2019 fékk Birta lífeyrissjóður jafnlaunavottun, fyrst lífeyrissjóða. Vísað er til ársskýrslu sjóðsins fyrir frekari upplýsingar um jafnlaunavottun.

i) Heildarfjöldi mikilsháttar kvartana vegna brota á reglum/lögum um persónuvernd og þjófnaður á upplýsingum um viðskiptavini
Hjá sjóðnum er til staðar persónuverndarfulltrúi. Staðfest er að engar kvartanir vegna brota á reglum eða lögum um persónuvernd bárust á árinu 2019 og engir öryggisbrestir eða leki á persónuupplýsingum átti sér stað á árinu.

j) Mannauðsstefna
